



Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI



Ársskýrsla Akureyrarbæjar
2013



Akureyrarbær
Geislagötu 9
600 Akureyri
Sími 460 1000 | Fax 460 1001
akureyri@akureyri.is
www.akureyri.is | www.visitakureyri.is

Efnisyfirlit

Ávarp bæjarstjóra	2
Bæjarstjórn og bæjarráð	3
Stjórnkerfi Akureyrarbæjar	3
Akureyrarstofa	3
Búsetudeild	5
Fasteignir Akureyrarbæjar	6
Fjármála- og hagþjónusta	7
Fjölskyldudeild	8
Framkvæmdadeild	9
Heilsugæslustöðin	10
Samfélags- og mannréttindadeild	11
Skipulagsdeild	12
Skóladeild	14
Starfsmannþjónusta	18
Öldrunarheimili Akureyrarbæjar	20
Fulltrúar Akureyrarbæjar í nefndum og stjórnnum	22



Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI



Áhöfnin á Húna II kemur til hafnar með hljómsveit innanborðs.

Ávarp bæjarstjóra



Akureyrarkaupstaður veltir miklum fjármunum og hjá honum starfa um tvö þúsund manns. Sveitarfélagið er því mjög stór vinnuveitandi en er þó ekki eins og hvert annað fyrirtæki því markmið okkar er fyrst og fremst að sinna lögbundnum skyldum sveitarfélaga, sýna samfélagslega ábyrgð og tryggja góðan jarðveg fyrir blómstrandi atvinnulíf.

Í rekstri sveitarfélagsins riður á að gætt sé ítrasta aðhalds og vel farið með fjármuni. Það hefur sannarlega verið gert. Á árunum frá efnahagshruninu 2008 hefur smám saman tekist að snúa vörn í sókn. Það hefur m.a. tekist með góðu og samstilltu samstarfi bæjarfulltrúa. Er nú svo komið að áætlanir gera ráð fyrir árlegum rekstrarafgangi sem nota má til frekari uppbyggingar og til að greiða niður skuldir – til að búa í haginn fyrir framtíðina.

Þennan góða árangur, sem ætti að öllu óbreyttu að tryggja Akureyringum bjarta framtíð, ber fyrst og fremst að þakka dugmiklu starfsfólki Akureyrarkaupstaðar. Hér leggur stór hópur fólks gjörva hönd á plóg við að inna af hendi alls kyns verkefni í þágu bæjarbúa.

Ég vil þakka starfsfólki, nefndarfólki og bæjarfulltrúum Akureyrarkaupstaðar gott og oft og tíðum óeigingjart starf sem lesa má um á síðum ársskýrslunnar.

Árið 2013 var gott og ég er þess fullviss að næstu ár verða það líka. Akureyrarkaupstaður er vel rekið og traust sveitarfélag. Ef við leggjumst öll á árarar þá getum við stýrt þessu fleyi í heila höfn á komandi misserum. Spyrjum ekki hvað Akureyrarkaupstaður geti gert fyrir okkur, heldur miklu fremur hvað við getum gert til að efla og styrkja bæinn okkar. Frá hruni hefur reksturinn oft verið þungur en nú bendir allt til þess að landið sé að rísa. Horfum björtum augum til framtíðar.

Eiríkur Björn Björgvinsson,
bæjarstjóri á Akureyri

Bæjarbúar


Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands voru íbúar Akureyrar 1. desember 2013 18.073 og hafði fjölgað um 117 eða um 0,65%. Karlar voru 8.960 og konur 9.113. 1. desember 2012 voru íbúar Akureyrarbæjar 17.956.

Frá 2. desember 2012 til 1. desember 2013 fæddust 225 börn en 119 bæjarbúar létust. Samkvæmt hreyfingaskrá voru brottfluttir á sama tíma 1.206 en aðfluttir til bæjarins 1.217, þ.e. aðfluttir umfram brottflutta voru 11. Flutningar innan bæjarins voru 2.438 á árinu 2013.

Elsti íbúi bæjarins var Jóhanna Sigurðardóttir, 100 ára, fædd 1. október 1913.



Stjórnkerfi Akureyrarbæjar



Bæjarstjórn og bæjarráð

Á árinu voru haldnir 16 fundir í bæjarstjórn og 50 fundir í bæjarráði. Á fundi bæjarstjórnar þann 4. júní 2013 var Geir Kristinn Aðalsteinsson kjörinn forseti bæjarstjórnar til eins árs. Oddur Helgi Halldórsson 1. varaforseti og Ólafur Jónsson 2. varaforseti. Halla Björk Reynisdóttir var kjörin formaður bæjarráðs og ásamt henni voru kosin í bæjarráð Oddur Helgi Halldórsson varaformaður, Geir Kristinn Aðalsteinsson, Andrea Sigrún Hjálmsdóttir og Sigurður Guðmundsson. Logi Már Einarsson, Ólafur Jónsson og Guðmundur Baldvin Guðmundsson eru áheyrnarfulltrúar í bæjarráði.

Viðtalstímar bæjarfulltrúa, hverfisnefndir og -ráð

Yfir vetrartímam eru auglýstir viðtalstímar bæjarfulltrúa og eru þeir haldnir að jafnaði tvisvar í mánuði og voru alls 15 á árinu. Viðtalstímarir eru haldnir annars vegar í Ráðhúsinu og hins vegar einu sinni á vetri í hverjum grunnskóla á Akureyri. Í viðtalstímum eru tveir bæjarfulltrúar til viðtals og taka þeir við erindum, fyrirspurnum og ábendingum íbúa bæjarins. Erindin eru færð til bókar og fundargerðir viðtalstímanna lagðar fram í bæjarráði þar sem erindunum er vísað áfram í bæjarkerfinu.

Hverfisnefndir voru starfandi í öllum hverfum bæjarins. Hverfisnefndir geta beitt sér fyrir ýmsum umbótum hver í sínu hverfi, annaðhvort með aðgerðum íbúanna sjálfra eða með því að þrýsta á bæjaryfirvöld. Á árinu voru einnig starfandi hverfisráð í Hrísey og Grímsey. Í tilefni af 150 ára afmæli Akureyrarbæjar á árinu 2012 fékk hver hverfisnefnd tveggja milljón króna gjöf frá bænum til umhverfismála á árinu 2013 en hverfisráðin í Hrísey og Grímsey fengu eina milljón króna hvort.

Akureyrarstofa

Akureyrarstofa hefur með menningar-, markaðs-, ferða- og atvinnumál fyrir hönd Akureyrarbæjar. Árið 2013 var sjötta heila starfsárið og einkenndist eins og áður mikið af þátttöku í skipulagi viðburða af margvíslegum toga flesta mánuði ársins en jafnframt var unnið að stefnumótun á sviði menningarmála og atvinnumála.

Ferða- og markaðsmál

Ferðaþjónustunni heldur áfram að vaxa fiskur um hrygg á Akureyri og ný fjárfesting er áberandi. Gistirýmum hefur fjölgað og ný hótél eru á teikniborðinu. Veitingastöðum hefur fjölgað og fjölbreytni í afþreyingu aukist, m.a. með hvalaskoðun frá Torfunefsbyggju og viðburðaskipuleggjendum sem hafa til að mynda lagt drög að nýrri alþjóðlegri hátíð á Akureyri, Iceland Winter Games.

Samgöngur breyttust á árinu með tilkomu Strætós í almennings-samgöngum, fargjöld lækkuðu og ferðum var sums staðar fjölgað, til dæmis á milli Akureyrar og Reykjavíkur en þar er boðið upp á tvær daglegar brottfarir/ferðir allt árið – en á móti hafa tengingar við ferjur til Grímseyjar og Hríseyjar versnað.

Upplýsingamiðstöðin jók við þjónustu sína og býður ferðamenn nú einnig velkomna um helgar á veturna.

Ársskýrsla bæjarins var gefin út af Akureyrarstofu með sama sniði og áður, einnig endurbættir bæklingar um Hrísey og Grímsey en farin var ný leið í útgáfu Akureyrarbæklinga fyrir ferðamenn. Þar var tekið upp samstarf við City Guide sem gefur út sambærilegan bækling um höfuðborgina og vonandi er þar um framtíðarlausn

að ræða. Á árinu var einnig unnið að gerð sérstaks bæklinga um útilistaverk í bænum og er ráðgert að hann komi út vorið 2014.

Markaðssetning Akureyrar yfir vetrartímam hefur aukist stórlega m.a. fyrir tilstilli stórra ferðaþjónustuaðila eins og Icelandair og Iceland Travel. Með stórauðinni vörubróun fyrirtækja á heimaslóð hefur fjöldi erlendra gesta aukist mikið milli ára. Á tímabilinu janúar til maí fjölgaði gistingu á Norðurlandi að jafnaði um 25% frá fyrra ári og má rekja langstærsta hluta þessarar aukningar til ferðaþjónustunnar á Akureyri.

Akureyrarstofa var þátttakandi í fjöldamörgum verkefnum sem tengjast ferðaþjónstu og markaðssetningu bæjarins, stýrði meðal annars klasaverkefninu Komdu norður eins og fyrri ár og lagði flugklasanum AIR66 til 9 m.kr. til starfsemi sinnar. Klasinn stefnir að bættri markaðssetningu Akureyrarflugvallar og beinu millilandaflugi. Akureyrarstofa stýrði samstarfi um eflingu Akureyrar sem ráðstefnubæjar og súpufundum ferðaþjónustunnar sem eru virkur fræðslu- og samstarfsvettvangur greinarinnar á Akureyri.

Akureyrarstofa hefur smám saman aukið samstarf sitt við ferðaþjónustuaðila í Grímsey og Hrísey. Fengist hafa styrkir í nokkur verkefni í Grímsey m.a. til að standa að samkeppni um nýtt tákni fyrir heimskaupsbauginn í Grímsey og fór í gang samkeppni á árinu, auk þess sem verið er að vinna að gerð söguskilta sem setja á upp meðfram gönguleiðum. Akureyrarstofa tók þátt í Vest Norden ferðakaupstefnunni og átti ríflega 40 fundi með erlendum aðilum og voru eyjarnar tvær áberandi í því kynningarstarfi sem fram fór.

Atvinnumál

Á árinu var unnið að stefnmótun í atvinnumálum Akureyrar. Aðferðafræðin sem notast hefur verið við byggir á viðtæku samráði við hagsmunaaðila atvinnulífs með það að markmiði að til verði stefna sem sátt ríkir um til lengri tíma. Stefnir er að því að ábyrgð á atvinnuþróun og umbótaverkefnum í rekstrarumhverfi fyrirtækja verði sameiginlega á höndum þeirra sem hagsmuna eiga að gæta. Stefnan skilgreinir almennt hlutverk sveitarfélagsins í atvinnumálum og aðkomu að sértækum verkefnum. Lok vinnunnar eru áætluð í apríl 2014.

Akureyrarstofa var einn skipuleggjandi og aðalstuðningsaðila Atvinnu- og nýsköpunarhelgarinnar sem fram fór í apríl í þriðja sinn á Akureyri. Viðburðurinn hefur þegar fest sig í sessi sem hluti af stuðningsumhverfi atvinnu- og nýsköpunar innan sveitarfélagsins. Í ágúst var undirritað samkomulag milli Akureyrarstofu, Háskólans á Akureyri, Tækifæris fjárfestingarfélag og Stefnu Hugbúnaðarhúss um framkvæmd viðburðarinnar til næstu þriggja ára. Stefnir er að frekari þróun og eflingu viðburðarinnar í samræmi við aukinn áhuga og áhrifaríka samvinnu hagsmunaaðila. Ísfold, fyrirtæki sem markaðssetur og selur íslenskar ullarsængur, hlaut fyrstu verðlaun en skipuleggjendur jeppaferða í North adventures hlutu önnur verðlaun. Þriðju verðlaun hlaut svo spurningaleikurinn www.2know.is. Atvinnu- og nýsköpunarhelgin verður aftur haldin í mars 2014 skv. samkomulagi.

Aðkomu Akureyrarstofu að sérstökum átaksverkefnum á vinnu-markaði, sem unnið höfðu verið í samráði við Vinnuálastofnun, lauk á árinu. Áfram voru átaksverkefni innan fjölskyldudeildar Akureyrarbæjar.



Á árinu 2013 var atvinnuleysi á Akureyri að meðaltali 3,7% sem var minnkun úr 4,4% frá árinu 2012 og 6,3% árið 2011 skv. tölum Vinnuálagstofnunar. Mest var atvinnuleysið í janúarmánuði þar sem 465 einstaklingar voru á atvinnuleysisráði og minnst í september þar sem 296 einstaklingar voru á atvinnuleysisráði.

Athafna- og nýsköpunarverðlaun Akureyrar voru veitt í fjórða sinn á sumardaginn fyrsta og komu í hlut Hölds fyrir þrætuseigju og góðan rekstur. Seigla hlaut viðurkenningu fyrir nýsköpun og frumkvöðlastarf.

Menningarmál

Á sumardaginn fyrsta var venju samkvæmt tilkynnt í Ketilhúsinu um viðurkenningar stjórnar Akureyrarstofu.

Það var niðurstaða stjórnar að veita Guðrúnu Pálinu Guðmundsdóttur myndlistarkonu starfslaun listamanna til 8 mánaða. Byggingarlistaverðlaunin voru veitt arkitektastofunni Kollgátu fyrir kaffihús í Lystigarðinum og Arkþing og Arkitema í Danmörku fyrir innra skipulag menningarhússins Hofa. Þrjú hús hlutu viðurkenningu Húsvendarsjóðs fyrir varðveislu og endurgerð gamla húsa, Brekkugata 5, Hafnarstræti 105 B og Hafnarstræti 98. Fjórar heiðursviðurkenningar voru veittar úr Menningarsjóði fyrir mikilvægt framlag til menningarmála í bænum og hlutu þær Gunnar F. Guðmundsson fyrir ævisögu Jóns Sveinssonar, Nonna, Zontaklúbbur Akureyrar, Bernharð Haraldsson fyrrum skólameistari Verkmenntaskólans á Akureyri og Saga Jónsdóttir leikkona.

Árið 2013 komu 111.465 gestir á Amtsbókasafnið. Að jafnaði voru þeir 405 talsins hvern dag sem safnið var opið. Þessir gestir fengu að láni 196.780 safngögn sem gerir 1,78 gögn á hverja heimssókn. Þrátt fyrir að hér sé um háar tölur að ræða þá fækkaði gestum um 1,5% og útlánunum um 2%. Flestir komu í júlí eða 12.458

jólasýningu Amtsbókasafnsins, Jólin á síðustu öld, með því að leggja til jólakort úr einkaskjalasöfnum.

Sjónlistamiðstöðin á Akureyri stóð fyrir samtals 22 sýningum á árinu 2013 í þeim þremur sýningarrýmum/stöðum sem miðstöðin hefur yfir að ráða. Í Listasafninu voru sýningarnar sex, í Ketilhúsi átta og í Deigluhlunni átta. Því skal þó haldið til haga að sýningar Aðalheiðar S. Eysteinsdóttur, sem opnuðu samtímis í öllum sýningarrýmum, teljast í raun sex sýningar.

Fjöldi gesta á sýningum í Listasafninu var alls 13.008 og var langfjölsóttasta sýningin þar „Réttardagur“, 50 sýninga röð Aðalheiðar S. Eysteinsdóttur og fleiri listamanna sem stóð yfir frá 22. júní til 11. ágúst. Alls komu 53 hópar í safnafræðslu hjá Sjónlistamiðstöðinni, flestir frá grunnskólum bæjarins en einnig frá VMA, Myndlistaskólunum og Starfsendurhæfingu Norðurlands. Á Akureyrarvöku átti Listasafnið 20 ára afmæli og í tilefni af því var efnt til veislu í Listagilinu með útimarkaði, tiskusýningu, rauðum dregli, gjörningum og fleiri skemmtilegheitum.

Minjasafnið á Akureyri er mikilvægur hluti menningarþjónustu Akureyrarbæjar. Eitt stærsta skrefið að miðlun úr upplýsingabrunni safnsins var stigið á árinu þegar gagnagrunnurinn sarpur.is var opnaður almennig. Með Sarpi gefst almennig loks kostur á að skoða ljósmyndir og gripi safnsins á rafrænan hátt og veita frekari upplýsingar um þá. Heildargestafjöldi Minjasafnsins á Akureyri og deilda safnsins var 33.477, þar af sóttu Minjasafnið heim 15.559, Gamla bæinn í Laufási 13.858 og Nonnahús 2.914. Skáldahúsin Sigurhæðir og Davíðshús sóttu heim 1.146 manns.

Aðalsýning Minjasafnsins var „Norðurljós, næturbirta norðursins“ sem fjallaði um danskan rannsóknarleiðangur 1899-1900 til Akureyrar og málverk leiðangursmanns Haralds Moltke. Sýningin var unnin í samvinnu við DMI, dönsku veðurfræðistofnunina, og Gísla Kristinsson áhugaljósmyndara. Í tengslum við sýninguna var endurtekin gönguferð leiðangursmanna á Súlu í samvinnu við N4 og Icelandair Hotel Akureyri. Í desember opnaði í fyrsta sinn jólasýning safnsins sem verður árviss viðburður fyrir skóla og almennig. Sýningin hét því frumlega nafni „Jól“ en fjallaði á nýstárlegan hátt um 82 óþekktá jólasveina, jólaskeið og jólatré sem bæjarbúar lánuðu á sýninguna. Á árinu lauk grunnsýningunni „Eyjafjörður frá öndverðu“ sem sett var upp árið 1999. Hjarta safnsins slær í fræðslu-starfi þess. Það var því fagnadarefni að unnt var að ráða að nýju í stöðu safnfræðslufulltrúa. Safnið tók á móti fræðsluhópum af öllum skólastigum og öðrum hópum.

Á árinu var unnið að því að safnið hlýti viðurkenningu Safnaráðs sem faglegt safn. Í tengslum við þá vinnu fór fram umfangsmikil vinna við öryggis- og viðbragðsáætlun Minjasafnsins og tengdra safna. Afurð þessarar vinnu eru öryggishandbækur 8 safnhúsa þar sem öryggi gesta, safngripa og húseigna er leiðarljósið.

Haldið var áfram framtíðaruppbyggingu skáldahúsanna á Sigurhæðum, í Davíðshúsi og Nonnahúsi en undanfarin ár hefur Minjasafnið séð um faglegt starf þeirra. Unnið var markvisst að markaðssetningu og merkingum þeirra. Skáldahúsunum hefur verið komið í faglegt samband við önnur sambærileg hús bæði innanlands og utan. Þannig tóku þau þátt í LITTMUS, norrænni ráðstefnu skáldahúsa sl. haust. Fræðslustarf húsanna var mótað á árinu og tekið á móti öllum skólastigum. Þá voru safngripir í Davíðshúsi skráðir og unnið að varðveislu þeirra. Leikfélag Akureyrar og safnið stóðu fyrir þremur leiklestrum og lifandi leiðsögn í Davíðshúsi og upplestri í Nonnahúsi á Eyfirsku safnaginum. Nonnahúsi er aðili að Barnabókasetri Íslands sem opnaði útsýningu á gönguleiðinni frá Amtsbókasafni að Nonnahúsi. Sýningin er 27 stálsíður með einni opnu af barnabók á hverri síðu.

Minjasafnið tók að sér verkefnisstjórn vegna uppbyggingar á ferðamannastaðnum Gásam. Unnið var að lokaáfangi þeirrar uppbyggingar. Jafnframt tók safnið þátt í Miðaldadögum á Gásam í júlí.

Að venju stóð safnið fyrir föstum viðburðum á sumardaginn fyrsta, fyrsta vetrardag og Draugaslóð á Akureyrarvöku í samvinnu við Akureyrarstofu og Leikfélag Akureyrar.

Á árinu 2013 tók Sinfóníuhljómsveit Norðurlands þátt í að flytja 8 tónleikadagskrár á 10 tónleikum. Reynslan af tónleikahaldi í Hofi er mjög góð. Að hljómsveitin hafi fastan tónleikastað þar sem hljómburður og öll aðstaða er eins og best verður á kosid skilar sér í betri starfsaðstæðum og tónlistarflutningi og fjölbreyttari efnisskrám. Í febrúar 2013 setti SN í fyrsta sinn á svið óperusýningu. Þess má geta að það er einnig í fyrsta sinn sem ópera hefur verið flutt á sviði á landsbyggðinni í sérhönnuðu tónlistarhúsi með sinfóníuhljómsveit í gryfju. Í lok nóvember hélt SN áfram að ryðja brautina en þá setti hún í fyrsta sinn á svið danssýningu þar sem hljómsveitin lék í



Draugaganga í Innbænum.

en fæstir voru gestirnir í desember, 7.169. Sömu sögu er að segja af útlánunum, þau voru flest í júlí og fæst í desember. 1.237 börn komu í heimssóknir á vegum skóla og leikskóla en auk þess koma rúmlega tíu börn að jafnaði í vikulegar söngustundir yfir vetrartímann. Af sýningum og öðrum viðburðum á árinu bar hæst sýningu Guðlaugs Arasonar „Álfabækur“. Sýningin stóð yfir í júlí og ágúst og vakti mikla athygli og ánægju meðal gesta safnsins.

Á Héraðsskjalasafnið komu 642 gestir árið 2013 og fjölgaði þeim um 6,6%. Karlar voru 525 og fjölgaði um 13,4% en konur voru 117 og fækkaði um 15,8%. Fjölgun varð einnig í lánunum á lestrarsal, alls voru lánuð 2.174 númer en 2.017 árið áður, fjölgunin nam 7,8%. Skjalaafhendingar til safnsins voru 105 en 89 árið 2012. Fjölgaði þeim um 18% milli ára og var skjalaaukningin tæpir 50 hillimetrar.

Nokkrar sýningar voru haldnar á árinu 2013. Skjöl úr Eyjafirði voru sýnd, mánuð í senn, undir yfirskriftinni Skjöl eru skemmtileg. Í janúar voru sýnd 140 ára skjöl, í febrúar 130 ára skjöl og þannig koll af kalli niður í 40 ára gömul skjöl. Í október voru sýnd bleik skjöl frá árunum 1906-1978 til að minna á söfnunar- og árvekiátak Krabbameinsfélags Íslands gegn brjóstakrabbameini sem hefur bleikan lit sem einkenni. Í nóvember tók safnið þátt í árlegum Norrænum skjaladegi og var þemað „Fjársjóðir skjalasafnanna“ sem vísar til þess að í skjalasöfnum eru merkilegar heimildir þar sem hver og einn getur fundið sinn fjársjóð. Í desember voru sýndar jólatónleikaskrár Lúðrasveitar Akureyrar 1960-1981 og auk þess tók safnið þátt í

gryfjunn. Árið 2013 voru tónleikagestir SN samtals 3.696 en árið á undan voru þeir 2.379. Vinsælust var samstarfssýning SN og dansskólans Point Dansstúdíó en hana sóttu 1.012 gestir.

Leikfélag Akureyrar setti upp fjórar leiksýningar leikárið 2012-2013 við afar þröngan kost. Þetta voru Leigumorðinginn, Kaktusinn, Ef ég væri jólasveinn og Lög unga fólksins. Auk þessa voru 14 gestasýningar á leikárinu. Leikfélagið starfrækti leiklistarskóla sem 140 börn sóttu. Vinnustofur voru nýnæmi í starfseminni og nýttu fimm listamenn og hópar sér aðstöðuna á leikárinu. Leikfélagið var í fjölþættu samstarfi við aðrar menningarstofnanir svo sem Sinfóníu- hljómsveit Norðurlands, Sjónlístamiðstöðina, Minjasafnið, Hof, Listaháskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Verkmenntaskólann á Akureyri, Menntaskólann á Akureyri, Kvikmyndaklúbbinn Kvikendi, Akureyrarakademiuna auk leikskóla og áhugaleikfélaga á Eyja- fjarðarsvæðinu. Samtals sáu 12.830 gestir sýningar LA á leikárinu.

Árið var líkt og fyrri ár viðburðaríkt í Hofi. Þrátt fyrir að stutt sé frá opnun hússins hefur það fest sig í sessi sem miðstöð menningarlífs á Norðurlandi enda fór þar fram fjölbreytt dagskrá sem nær til ólíkra hþópa og listgreina. Húsið er vel þekkt á landsvísu og er orðið eitt af helstu kennileitum bæjarfélagsins. Samkvæmt viðhorfskönnun er jákvæðni gagnvart dagskránni sem fram fer í Hofi afar mikil og það virðist vera mat bæjarbúa að starfsemin sé dýrmæt og skipti samfélagið miklu máli. Reksturinn gekk vel á árinu og gestafjöldi jókst frá árinu á undan. Áfram var unnið með öðrum hagsmunaaðilum á svæðinu að markaðssetningu ráðstefnuaðstöðu í bæjarfélaginu en mikil aukning er á fyrirspurnum og bókunum vegna ráðstefnu- og fundahalda.

Búsetudeild

Búsetudeild veitir margvíslega þjónustu sem ætlað er að styðja við sjálfstæða búsetu fólks og/eða skapa því aðstæður til að lifa sem eðlilegustu lífi á heimili sínu þrátt fyrir skerðingu á færni og breytingu á högum sem kunna að verða samfara hækkingu aldris, fötlun eða veikindum. Helstu þættir í þjónustu deildarinnar eru félagsleg heimaþjónusta, félagsleg liðveisla, frekari liðveisla, búsetuþjónusta við fatlaða fólk, skammtíma- og skólavistun fatlaðs fólks, dagþjónusta og félagsstarf eldri borgara, ráðgjöf iðjuþjálfara og heilsueflandi heimsóknir til aldraðra. Stærstu notendahóparnir eru eldri borgarar og fatlað fólk. Auk þess að veita íbúum Akureyrar þjónustu sinnir deildin þjónustu við íbúa nokkurra annarra sveitarfélaga samkvæmt samningum þar að lútandi.

Félagsleg heimaþjónusta eykst jafnt og þétt í takt við þá stefnu að sem flestir geti búið á eigin heimili í stað þess að vistast á stofnun vegna sjúkdóma eða fötlunar. Í kjölfar aðhaldsaðgerða í heilbrigðiskerfinu hefur þörf fyrir heimaþjónustu aukist. Sem dæmi má nefna að fólk útskrifast fyrr heim af sjúkrastofnunum en áður. Þjónustan er margvísleg, frá því að vera minniháttar aðstoð við heimilishald til þess að vera mjög umfangsmikil þjónusta þar sem fólk er aðstoðað með allar athafnir daglegs lífs og til þátttöku í samfélaginu. Á árinu 2013 fengu 539 heimili þjónustu. Heimaþjónusta er veitt allan sólarhringinn alla daga ársins en næturvaktin er samstarfsverkefni heimaþjónustu og heimahjúkrunar.

Sértæk búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk tók nokkrum breytingum á árinu 2013. Eitt herbergjasambýli var lagt niður og hafinn var undirbúningur að byggingu nýs þjónustukjarna þar sem eru sex íbúðir ásamt sameiginlegu rými. Á síðasta ári nutu 72 einstaklingar sértækar búsetuþjónustu. Þar af bjuggu sjö á áfangenheimili sem er tímabundin búseta fyrir fólk sem hefur átt við gedraskanir að stríða. Að auki fengu 19 einstaklingar meira en 10 klukkustunda heimaþjónustu á viku. Á biðlista eftir búsetu voru 15 manns í árslok 2013.

Þjónustu- og félagsmiðstöðvar aldraðra eru tvær, í Víðilundi 22 og Bugðusíðu 1. Félagsmiðstöðvarnar eru fyrir fólk sem er 60 ára og eldra. Starfsemin er afar fjölbreytt og í stöðugri mótun í samvinnu við notendaráð þar sem sitja 10 kjörnir fulltrúar þeirra sem sækja starfið. Nokkuð jöfn aðsókn er á staðina og að meðaltali eru um 40 gestir á hvorum stað á hverjum degi yfir vetrartímann þegar starfsemin fer fram.

Dagþjónusta fyrir aldraða í Víðilundi getur tekið á móti 16 gestum í senn. Dagþjónustan er mikilvægt stuðningsúrræði fyrir þá sem að staðaldri þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Dagþjónustan er rekin af Akureyrarbæ með daggjöldum frá ríkinu. Boðið er upp á flutningsþjónustu til og frá heimili notandans, tómsundaidju, félagslegan stuðning, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs. Þróun undanfarinna ára er í þá átt að notendur eru að jafnaði eldri en áður og með minni

líkamlega og andlega færni. Þjónustuna nýttu alls 64 á árinu, 50 konur og 14 karlar.

Skammtímaþjónusta fatlaðs fólks er stuðþjónusta þar sem fjölskyldur fatlaðra barna eiga kost á því að börnin njóti tímabundinnar dvalar þegar þörf krefur. Sama gildir um ungmenni og fullorðin fatlað fólk sem enn býr í foreldrahúsum. Flestir nýta sér helgarþjónustu en aðrir dvelja allt að viku í senn. Boðið er upp á neyðarvistun ef óvænt atvik koma upp í fjölskyldunni. Skammtímaþjónusta veitti 20 einstaklingum þjónustu á árinu, 9 voru yngri en 18 ára en 11 fullorðnir. Undanfarin ár hefur notendum heldur fækkað en þeir eru meira fatlaðir og þurfa þar af leiðandi mikla þjónustu. Á árinu var unnið að því að endurbygga Gamla húsmæðraskólann við Þórunnarstræti og á næsta ári munu skammtímaþjónusta og skólavistun fyrir 10–20 ára flytja þangað.



Ljósadýrð í Lystigarðinum.

Vistunarsólarhringar skammtímaþjónustunar voru alls 2001 á árinu, þar af 80 neyðarvistunarsólarhringar.

Boðið var upp á skólavistun frá kl. 13–17 virka daga í Árholti fyrir börn á aldrinum 10–16 ára sem eru með skilgreinda fötlun. Yfir sumartímann er einnig í boði vistun fyrir sama hóp en 6–9 ára börn bætast við. Í boði er margvíslegt tómsundastarf, frjálss leikur, útivera og vettvangsferðir. Alls nýttu 16 börn sér þjónustu Árhólts árið 2013, samtals í 2.019 daga.

Heilsueflandi heimsóknir eru þjónusta sem felst í því að öllum 75 ára og eldri, sem búa heima og njóta ekki umfangsmikillar þjónustu, er árlega boðin heimsókn heilbrigðisstarfsmanns auk þess sem starfsmenn hafa símatíma alla virka daga. Þjónustan er greidd af ríkinu gegnum samning um rekstur heilsugæslunnar og nær til alls upptökusvæðis Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri. Markmið heimsóknanna er að viðhalda heilbrigði og sjálfstæði sem lengst, efla sjálfstraust og auka öryggiskennd, jafnframt því að veita ráðgjöf og upplýsingar um ýmsar lausnir á algengum vandamálum svo og þjónustu sem í boði er. Frá upphafi hefur þjónustunni verið afar vel tekið og á árinu 2013 þáðu 76% heimsókn eða símtal af þeim sem fengu boð um heimsókn. Um 4% af þeim sem í upphafi árs áttu að fá heimsókn fengu hana ekki þar sem þeir höfðu ýmist byrjað á heimahjúkrun, fengið dagvist, flutt inn á öldrunarheimili eða látist áður en heimsókn var boðin. Þjónustan er talin vera mikilvæg samskiptaleið milli íbúa og þjónustukerfisins.

Félagsleg liðveisla er ætluð þeim sem þurfa félagslegan stuðning með það að markmiði að rjúfa félagslega einangrun þeirra og styrkja viðkomandi einstaklinga í félagslegum samskiptum. Markmið er að auka færni einstaklinga til að njóta menningar og félagslífs. Félaglega liðveislu fengu 127 einstaklingar um lengri eða skemmri tíma, 36 konur yfir 18 ára og 36 karlar yfir 18 ára fengu liðveislu á árinu, 19 stúlkur undir 18 ára og 36 drengir undir 18 ára aldri. Er þetta örútil aukning frá árinu áður eða um 1,6%. Algengast er að einn starfsmaður annist félagslega liðveislu við hvern einstakling. Á árinu voru fjórar hóplíðveislur þar sem einn liðveitandi var með tvo liðþega. Á árinu 2013 var haldið áfram með hóplíðveislu fyrir einstaklinga á starfsbraut í VMA sem hófst 2012. Þar er 7 stráka kjarni sem hittist reglulega. Byrjað var með nýjum hóp af starfsbrautinni í VMA um haustið. Hóplíðveisla er einnig veitt á sundæfingum hjá sundfélaginu Óðni í góðu samstarfi við sundfélagið. Starfsmenn í félagslegri liðveislu voru tæplega 90 og allir ráðnir í tímavinnu.



Iðjubjálfi er starfandi á búsetudeild í 100 % stöðu. Tilgangur og markmið með iðjubjálfun er að efla færni, heilsu og vellíðan einstaklingsins í samræmi við þarfir, getu og langanir hans þannig að hann sé eins sjálfbjarga og mögulegt er, öruggur í sínu umhverfi og þátttakandi í samfélaginu. Iðjubjálfi veitir ráðgjöf á sviði endurhæfingar, heilsueflingar, vinnuvistfræði og hjálpartækjamála. Hann notar til þess ýmsar aðferðir, s.s. kennslu, fræðslu, aðlögun umhverfis, útvegum hjálpartækja, þjálfun í notkun þeirra, ráðgjöf við breytingar á heimilum og margt fleira. Árið 2013 fengu 138 einstaklingar á aldrinum 7–92 ára ráðgjöf.

Búsetudeild hefur á að skipa öflugum starfsfólki með reynslu, þekkingu og áhuga á að veita þjónustu sem löguð er að mismunandi þörfum fólks fyrir stuðning. Í árslok voru starfsmenn deildarinnar 292 í 181 stöðugildi. Af þessum 292 voru 45 í tímavinnu í félagslegri liðveislunni. Karlar voru 84 í 53 stöðugildum og konur 208 í 128 stöðugildum. Karlar eru þannig í tæplega 30% stöðugilda og konur í rúmlega 70% stöðugilda.

Fasteignir Akureyrarbæjar

Í byrjun árs 2006 hófst undirbúningur að byggingu grunnskóla við Hólmatún í Naustahverfi. Skólinn skiptist í þrjú heimasvæði; stjórnunarálmu, miðrymi og íþróttasal. Byggingin er öll björt og opin, gluggar eru frá heimasvæðum að miðrymi. Áhersla var lögð á það í hönnun hússins að vanda til hljóðvistar eins og kostur er þar sem stórir hópar vinna saman á hverju svæði. Fyrsti áfangi Naustaskóla var boðinn út á vordögum 2008 og tekinn í notkun á árinu 2009. Á árinu 2010 hófst undirbúningur að útbóði á seinni áfanga Naustaskóla sem er um 3.900 m² viðbygging og hýsir heimasvæði, verkgreinastofur, starfsmannarými, sal/miðrymi, anddyri skólans og íþróttahús. Kennslu- og verkgreinaálma og



Barnaskóli Akureyrar í vetrarskrúðu.

miðrymi var tilbúið til notkunar í ágúst 2012. Öll framangreind rými hafa verið tekin í notkun að undanskildu starfsmannarými og íþróttahúsi. Stefnt er að því að skólinn verði fullbyggður með frágenginni lóð, starfsmannaaðstöðu og íþróttahúsi á árinu 2016. Heildarstærð skólans verður um 6.200 m² þegar byggingu lýkur. Hluti fyrsta áfanga er nú nýttur af leikskólanum Naustatjörn.

Lystigarðurinn á Akureyri var opnaður árið 1912 og var fyrsti almenningsgarðurinn á Íslandi. Árið 2012 varð Lystigarðurinn því 100 ára. Af því tilefni var efnt til útboðs á uppbyggingu kaffihúss í garðinum eins og tilgreint var í stofnsáttmála hans. Reksturinn var boðinn út árið 2012 en á haustmánuðum 2013 var sýnt að rekstraraðilar gátu ekki með góðu móti staðið undir rekstrinum og því var leigusamningi rift.

Á árinu 2012 keypti Akureyrarbær 75% eignarhluta ríkisins í Þórunnarstræti 99 og eignaðist þar af leiðandi allt húsið. Húsið er hannað af Guðjóni Samúelssyni húsameistara ríkisins og lauk hönnun þess árið 1943. Akureyrarbær hefur ákveðið að nýta húsið fyrir starfsemi skammtímavistunar og dagþjónustu fyrir fólk með fötlun sem áður var starfrækt á þremur stöðum á Akureyri; í Skólalástíg 5, Árholti við Glerárskóla og Birkilundi 10. Hönnun vegna endurbóta á húsinu hófst á árinu 2012. Útboð verkframkvæmda var haldið í maí 2013. L&S verktakar áttu hagstæðasta boð í verkið og var gengið til samninga við þá. Framkvæmdum lýkur 1. mars 2014. Um mikla breytingu til hins betra er að ræða í þjónustu við

fatlað fólk þar sem öll skammtíma- og skólavistun er nú komin á einn stað þar sem stutt er í margskonar afþreyingu. Teknir verða til notkunar um 600 m² á tveimur hæðum.

Byggður var nýr upphitaður gervigrasvöllur á KA svæðinu á árinu. Hönnun fór fram við lok ársins 2012. Framkvæmdir hófust í janúar 2013. Verklök voru skömmu fyrir upphaf N1-móts KA-manna sem haldið er í júní ár hvert. Um er að ræða nýjan upphitaðan knattspyrnavöll 72x109 m² með gervigrasi sunnan við KA heimilið. Samhliða þessari framkvæmd var verðnd sunnan við húsið endurgerð og stækkuð, auk þess sem byggt var yfir uppöngu út á völinn. Flóðlýsing er á vellinum og aðstæður allar hinar bestu.

Inniaðstaða til að stunda golf var tekin í notkun á árinu. Aðstaðan er til húsa í kjallara Íþróttahallarinnar við Skólalástíg. Þar er m.a. boðið upp á golfhermi, æfingarsvæði og púttvöll fyrir iðkendur. Með tilkomu þessarar aðstöðu er Íþróttahöllin fullnýtt.

Ráðist var í viðhaldsverkefni við sundlaugarhúsið í Grímsey. Hönnun vegna endurbyggingar þaksins fór fram í maí 2012. BB byggingar ehf. áttu hagstæðasta boð í verkið. Framkvæmdir hófust í apríl 2013 og lauk þeim í október 2013.

Hönnun á sex íbúða þjónustukjarna í Borgargili 1 fyrir fötluð ungmenni var lokið haustið 2013. Í kjölfarið voru verklegar framkvæmdir boðnar út. G. Hjálmarsson átti hagstæðasta boð í jarðvegsskipti en Byggingarfélagið Hyrna hagstæðasta boð í byggingu hússins og var gengið til samninga við ofangreinda aðila. Framkvæmdir hófust 1. desember 2013 og verður húsið tekið í notkun 1. janúar 2015. Samhliða byggingu í Borgargilinu eru fyrirhugaðar framkvæmdir vegna hringtorgs við gatnamótin Borgarbraut/Bugðusíða. Hringtorgið er hugsað til þess að bæta umferðarlæði um gatnamótin og tengja nýju lóðina við gatnakerfi bæjarins.

Helstu viðhaldsverkefni ársins voru meðal annars átaksverkefni í endurnýjun á neyðar- og útiljósum í skólabyggingum bæjarins auk annarra bygginga. Lundarskóli var málaður að utan auk þess sem farið var í múrviðgerðir og viðgerð á tengbyggingu skólans. Í Oddeyrarskóla var ráðist í viðgerðir innanhúss tengdar tónlistarstofu. Amtbókasafnið var málað að utan auk þess sem farið var í múrviðgerðir. Ljósastýring Íþróttahallarinnar var endurnýjuð auk þess sem útihurðir voru endurnýjaðar til að uppfylla kröfur brunahönnunar. Búnaður í Sundlaug Akureyrarbæjar krafðist endurnýjunar og var þeirri vinnu haldið áfram. Iðntölvubúnaður var endurnýjaður og affall endurnýtt sem lækkar kostnað við upphitun sundlaugarinnar. Farið var í svipaðar sparnaðaraðgerðir í Skautahöllinni með endurnýjun á vöktunarbúnaði kælieininganna. Kennslueldhúsið í Glerárskóla var endurnýjað ásamt því að ný og öflugri loftræsting var sett upp þar.

Í leikskólanum Pálmholti var mótuneytiseldhús verulega endurbætt og stækkað.



Fjármála- og hagþjónusta

Fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 2013 var samþykkt í bæjarstjórn 20. nóvember 2012.

Rekstur A- og B-hluta, fyrir fjármagnsliði, gekk mjög vel og mun betur en áætlanir gerðu ráð fyrir. Sjóðsstreymi var einnig mjög gott. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 1.998 m.kr. en var jákvæð um 950 m.kr. eftir fjármagnsliði. Er það líðlega 416 m.kr. betri afkoma en áætlanir gerðu ráð fyrir en í áætlun samstæðunnar var rekstarafgangur áætlaður 534 m.kr. Helstu ástæður fyrir betri rekstrarárangri eru í meginatriðum þrjúþættar: hærri tekjur og lægri fjármagnskostnaður og auk þess lækkaði lífeyrisskuldbinding bæjarins. Rekstrarútgjöld urðu nokkru hærri en áætlunin gerði ráð fyrir.

Nokkrar rekstrarniðurstöður 2013

í milljónum króna

	Áætlun	Niðurstaða
Rekstrartekjur	18.095	18.741
Rekstrartekjur A-hluta	13.098	13.587
Rekstrargjöld	16.007	16.742
Rekstrargjöld A-hluta	12.106	12.595
Rekstrarniðurstaða úr A- og B-hluta	534	950
Rekstrarniðurstaða A-hluta af reglulegri starfsemi	23	411

Í árslok var fráveita bæjarins færð til Norðuorku hf. og hafði það jákvæð áhrif á A-hlutann um tæpan 1,5 milljarð kr. Þannig að rekstrarniðurstaða A hluta í heild var jákvæð um 1,9 milljarð kr.

Heildarlaunagreiðslur án launatengdra gjalda hjá samstæðunni voru 7.777 m.kr. Fjöldi stöðugilda var að meðaltali 1.556 sem er fjölgun um 29 frá fyrra ári. Laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins í hlutfalli við rekstrartekjur þess voru 52,4%. Annar rekstrarkostnaður var 30% af rekstrartekjum. Skatttekjur sveitarfélagsins voru 565 þús. kr. á hvern íbúa en tekjur samtals 1.037 þús. kr. á hvern íbúa. Árið 2012 voru skatttekjurnar 525 þús. kr. á hvern íbúa og heildartekjurnar 969 þús. kr.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir bæjarins bókfærðar á 38.875 m.kr., þar af eru veltufjármunir 3.996 m.kr. Skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins nema samkvæmt efnahagsreikningi 23.347 m.kr., þar af eru skammtímaskuldir 3.341 m.kr. Veltufjárhluftalið er 1,2 í árslok en var 1,28 árið áður. Bókfært eigið fé nemur 15.529 m.kr. í árslok sem er 40% af heildarfjármagni. Árið áður var þetta hlutfall 37%.

Samkvæmt yfirliti yfir sjóðstreymi nam veltufé frá rekstri 2.518 m.kr. og handbætt fé frá rekstri 2.582 m.kr. Fjárfestingahreyfingar námu samtals 1.567 m.kr. en fjárfesting varanlegra rekstrarfjármuna nam 1.729 m.kr. Fjármögnunarahreyfingar námu 1.470 m.kr. Afborgun langtímalána nam 1.630 m.kr. en ný langtímalán námu 159 m.kr. Lækkun á handbæru fé á árinu nam 456 m.kr. og er handbætt fé sveitarfélagsins í árslok 1.833 m.kr.

Ársreikning bæjarins er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar: www.akureyri.is/ymsar-fjarmalaupplýsingar/.

Húsnæðisdeild

Húsnæðisdeild sér um útleigu félagslegra leiguíbúða Akureyrarbæjar í samræmi við reglur sem um þær gilda, greiðslu húsaleigubóta ásamt ráðgjöf og upplýsingagjöf tengdri húsnæðismálum.

Í árslok 2013 voru 147 á biðlista eftir íbúð hjá Akureyrarbæ en auk þess óskðu 15 leigjendur eftir flutningi innan kerfisins í hentugra húsnæði. Í árslok 2013 voru 269 leiguíbúðir í eigu Akureyrarbæjar auk þess sem íbúðir eru leigðar af öðrum og eru flestar framleigðar til fatlaðra sem þurfa sérstækt húsnæði. Ein 2ja herbergja íbúð var keypt á Akureyri á árinu. Umsóknir um leiguíbúð á árinu voru 193 en voru 179 árið 2012 og voru 151 þeirra samþykktar en 33 hafnað þar sem skilyrði voru ekki uppfyllt eða umbeðin gögn bárust ekki og 9 umsóknir voru í vinnslu um áramótin. Meira jafnvægi skapaðist á biðlistanum eftir mikla fjölgun umsækjenda eftir íbúðum en þó hafa umsóknir um leiguíbúð aldrei verið fleiri frá því að núverandi fyrirkomulag á úthlutun leiguíbúða var tekið upp árið 1999. Úthlutanir voru 76 á árinu en 21 hafnaði úthlutun og féll út af lista eða færðist aftast á hann.

Í lok ársins 2013 fengu 58 (40%) af þeim 147, sem eru á biðlista eftir félagslegri leiguíbúð, greiddar sérstakar húsaleigubætur. Skilyrði þess að fá slíkar bætur eru þau sömu og uppfylla þarf

til að eiga rétt á félagslegri leiguíbúð hjá Akureyrarbæ auk þess að hafa átt lögheimili í sveitarfélaginu 12 mánuði á undan umsóknarmánuði.

Þann 1. september var húsaleiga í leiguíbúðum Akureyrarbæjar hækkuð en frá sama tíma var farið að greiða sérstakar húsaleigubætur vegna leigu íbúðanna.



Skammtdegi á Akureyri.

Almennar húsaleigubætur

Almennar húsaleigubætur eru greiddar leigutökum íbúðarhúsnæðis að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Markmið með bótunum er að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra einstaklinga og jafna aðstöðumun á húsnæðismarkaði. Greiddar almennar húsaleigubætur námu 284,7 m.kr. á árinu 2013 á móti 230,7 m.kr. á árinu 2012 og er það 23,4% aukning á milli ára. Brennar breytingar voru gerðar á almennu húsaleigubótunum á árinu 2013: Tekjumörkin voru hækkuð úr 2.250.000 kr í 2.550.000 kr, skerðingarmörkin voru lækkuð úr 1% í 0,67% og grunnbæturnar voru hækkaðar um 4.000 kr, úr 13.500 kr í 17.500 kr.

Bótaþegar voru 1.105 í lok árs 2013 en 949 árið 2012 en það er 16,4% fjölgun á milli ára. Heildarfjöldi þeirra sem fengu húsaleigubætur á árinu var 1.308 en var 1.216 árið áður. Skipting umsækjenda um húsaleigubætur eftir atvinnustöðu og fjölskyldugerð í lok árs 2013 var sem hér segir:

Almennar húsaleigubætur						
Atvinnustaða	Gift/samb. Með börn	Gift/samb. án barna	Einstæðir foreldrar	Einhleypar konur	Einhleypir karlar	Samtals
Í atvinnu	70	16	161	69	55	371
Atvinnulaus	16	4	33	4	22	79
Öryrkjar	16	8	62	88	119	293
Ellilífeyrisþegar	0	10	0	21	12	43
Heimavinnandi	3	0	2	0	0	5
Nemar	27	48	40	104	95	314
Samtals	132	86	298	286	303	1.105

Sérstakar húsaleigubætur

Sérstakar húsaleigubætur eru greiddar til þeirra sem leigja á almennum markaði og uppfylla reglur um úthlutun leiguíbúða Akureyrarbæjar ásamt því að hafa átt lögheimili á Akureyri síðastliðna 12 mánuði.

Á árinu 2013 voru greiddar 39,7 m.kr. að meðaltali til 236 einstaklinga á mánuði en greiddar voru 21,9 m.kr. 2012. Aukning á milli ára er 80,8% og fjölgun bótaþega er 87,3% á milli ára en þeir voru að meðaltali 126 árið 2012. Meðaltal bótaupphæðar var tæpar 14.002 kr. á mánuði á umsækjanda. Samtals fengu 446 sérstakar húsaleigubætur á árinu öllu.

Ástæðan fyrir mikilli hækkuðum sérstakra húsaleigubóta og fjölgun bótaþega á milli ára er sú að í september 2013 var farið að greiða sérstakar húsaleigubætur til leigjenda í leiguíbúðum Akureyrarbæjar.





Bærin séður af Hamrahömrum ofan Kjarnaskógar.

Fjölskyldudeild

Árið 2013 var annarsamt á fjölskyldudeild eins og síðustu ár. Áfram var unnið að ýmsum þróunarverkefnum, s.s. stuðningnum heim, PMT–O unglíngameðferð og notendastýrðri persónulegri aðstoð (NPA). Gengið var frá nýjum samningi við Barnaverndarstofu vegna unglíngameðferðar til eins árs með lækkuðu framlagi. Sérfræðiþjónusta leik- og grunnskóla var eflað með nýrri stöðu skólasálfræðings frá hausti. Á árinu urðu miklar breytingar á húsnæði deildarinnar á 3ju hæð í Glerárgötu en afgreiðslunni var gjörbreytt með það að markmiði að tryggja betur öryggi starfsfólks. Í október fór starfsfólk deildarinnar í kynnisferð á höfuðborgarsvæðið og fékk m.a. móttökur hjá félagsþjónustunni í Kópavogi. Þessi ferð nýttist vel til að fá nýjar hugmyndir og efla tengsl bæði við kollega og innan hópsins.

Í barnavernd var unnið með 330 börn í 230 fjölskyldum. Barnaverndartilkyrningar voru hins vegar 399. Meðalaldur barna sem tilkynnt var um fer lækkaði. Meðalaldur alls hópsins er um sjö ár og níu mánuðir og hefur aldrei verið lægri. Algengasta ástæða tilkyrningar var eins og árið áður vanræksla eða 186 tilkyrningar. Í 99 tilvikum var tilkynnt um ofbeldi gegn barni en 111 tilkyrningar bárust vegna áhættu hegðunar barns. Þá bárust þrjár tilkyrningar um að heilsu eða lífi ófæddis barns væri stefnt í hættu. Þrjú börn voru á árinu vistuð á Studlum til greiningar og meðferðar auk þess sem einn unglíngur fór í langtímameðferð. Í lok árs voru 12 börn í varanlegu fóstri og fimm í tímabundnu fóstri og annars konar vistun á vegum barnaverndarnefndar Eyjafjarðar.

Hækkun á útgjöldum til fjárhagsaðstoðar á milli árunna 2012–2013 varð 10,8% og þeim sem fengu aðstoð fjölgaði um 25 einstaklinga og fjölskyldur. Fjöldi þeirra sem fékk fjárhagsaðstoð á árinu var 419 en heildarútgjöld voru 141 m.kr. Meðaltalsupphæð á skjólstæðing var 338.744 kr. en fjöldi samþykktra umsókna var 1.580. Ef horft er til aldurs og fjölskyldugerðar þá er hlutfall ungs fólks af heildarfjölda 35% sem er sambærilegt við það sem verið hefur en fer þó heldur hækkandi. Einhleypir karlar eru núna stærsti hópurinn eða 38% en einstæðar mæður koma þar á eftir með 31%. Einhleypir eru núna 58% en einstæðir foreldrar 32%. Varðandi atvinnustöðu fjölga þeim sem eru atvinnulausir án bótaréttar en þeim sem eru atvinnulausir með bótarétt færkar. Þannig eru atvinnulausir án bótaréttar um 20% af heildarfjölda þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð á árinu.

Skólaárið 2012–2013 voru 1.198 börn í 16 leikskólum á þjónustusvæðinu en 3.000 í 14 grunnskólum. Heildarmálafjöldi úr grunnskólum var 559 mál sem skiptust þannig að 496 mál komu úr skólum á Akureyri en 63 mál komu úr skólum utan Akureyrar. Málafjöldinn úr leikskólunum var 162 mál sem skiptust þannig að 149 mál komu úr leikskólum Akureyrarbæjar en 13 mál komu frá

leikskólum utan Akureyrar. Umtalsverð teymisvinna fer fram vegna fatlaðra barna og barna með hegðunarfrávik en þannig var unnið í 234 málum á skólaárinu sem skiptust þannig á milli skólastiga að 174 voru mál grunnskólabarna en 60 voru mál leikskólabarna.

Markmið með stuðningsfjölskyldum í málaflokki fatlaðra er að létta álagi af fjölskyldum fatlaðra barna og gefa þeim möguleika á aukinni félagslegri þátttöku. Á árinu var 31 barn með stuðningsfjölskyldu frá einum og upp í fimm sólarhringa í mánuði en alls voru veittir 808 sólarhringar í þessa þjónustu. Um nokkra fækkun er að ræða en gerðir hafa verið samningar um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) vegna tveggja barna sem áður fengu stuðningsfjölskyldu. Í árslok voru fimm börn á biðlista eftir stuðningsfjölskyldu. Á árinu voru afgreiddar 78 umsóknir vegna umönnunargreiðslna til foreldra vegna fötlunar eða þroska- og hegðunarraskana barna en á skrá voru 145 fjölskyldur með umönnunarmat.

Alls fóru 49 einstaklingar í vinnu á almennan vinnumarkað í gegnum „atvinnu með stuðningi“. Á árinu voru gerðir 48 nýir vinnusamningar öryrkja en 128 samningar voru í gildi á árinu. Í lok árs voru 38 einstaklingar á biðlista eftir atvinnu.

Síðsumars var starfsemi Hæfingarstöðvarinnar við Skógarlund sameinuð undir eitt þak í Skógarlundi 1 með því að húsið Birkilundur 10 var tekið úr notkun. Húsið í Birkilundi er eign Brynju, hússjóðs ÖBÍ, og hafði verið leigt undir stofseminu um árabíl. Á sama tíma fékk starfsemin nýtt nafn og heitir hæfingarstöðin nú Skógarlundur - miðstöð virkni og hæfingar. Alls naut 51 einstaklingur þjónustu stofnunarinnar á árinu sem er fækkun um fjóra einstaklinga frá árinu áður og klukkustundirnar urðu einnig færri. Notendur eru breiður hópur sé horft til þjónustubarfa og aldurs. Flestir eru með þroskahömlun en aðrir eru með seinni tíma heilaskaða, einhverfu, dauflöndu og fleiri þroskaraskanir. Flestir notendur búa í þjónustukjörnum en nokkrir búa í foreldrahúsum eða í sjálfstæðri búsetu.

Árið 2013 gekk vel varðandi verkefni og afkomu á Plastiðjuni Bjargi/Íðjulundi (PBI). Aukning varð á sölu raflagnaefnis og stöðug aukning hefur verið í sölu dýfðra kerta í mjög góðu samstarfi við O. Johnson & Kaaber sem sér um dreifingu á kertunum. Stöðug aukning er í söfnun á kertastubbum og öðru vaxi til útikertagerðar sem er grundvöllur þess að viðhalda stöðugri framleiðslu og sölu á útikertum. Einnig er veruleg aukning á sölu búfjármarkja sem prentuð eru í PBI. Rekstur Endurvinnslunnar hefur gengið mjög vel og hefur skapað fjögur störf. Á árinu voru 45 einstaklingar í starfsendurhæfingu og starfsþjálfun en í ótímabundinni ráðningu (verndaðri vinnu) voru 30 einstaklingar.

Frankvæmdadeild

Helstu verkefni ársins 2013 vegna nýbyggingar gatna voru nýr hluti framlengingar á Borgarbraut til norðurs við Merkigil og að Bröttusíðu, framkvæmdum við Dalsbraut lauk og frágangur opinna svæða í Naustahverfi var einnig lokið auk ýmissa smærri verkefna. Helstu verkefni við endurbyggingu gatna voru lagfæringar á Þingvallastræti, Hjalteyrargötu og viðgerð vegna jarðsigs í Hólátúni auk ýmissa smærri verkefna.


Í malbikun var lokið við að leggja á Dalsbraut, Heiðartún, Daggarlund, Óðinsnes, Krossanesbraut og Ægisnes. Lokið var við malbikun og frágang á göngu- og hjólastíg 0,7 km meðfram Drottningarbraut frá flugvelli að gönguleið sunnan flugvallar. Byggðir voru upp stígar samhliða lagningu Borgarbrautar, alls um 0,7 km. Í umhverfisátakinu vegna 150 ára afmælis Akureyrarkaupstaðar var byggður stígur meðfram Glerá milli Hörgárbrautar og Krossanesbrautar, alls um 0,5 km. Þá voru gangstéttar og ýmsir stígar utan gatna víðs vegar um bæinn byggðir upp og malbikaðir. Alls var lagt malbik á um 2,0 km af stígum og gangstéttum.

Áfram var unnið að umferðaröryggismálum gangandi vegfarenda, sérstaklega barna á leið úr og í skóla. Að þessum málum er unnið í samvinnu við skólafyrirvöld og nemendur. Sett voru upp umferðarljós á Dalsbraut við Lundarskóla. Um er að ræða nýja kynslóð svokallaðra LED ljósa. Auk þess var unnið að smá endurbótum í umferðaröryggismálum víðs vegar um bæinn. Einnig var unnið að hraðamælingum í hverfum bæjarins og verða þær upplýsingar svo notaðar til að meta hvernig tekist hefur til með að draga úr umferðarhraða.

Heimilætismál

Heimilisúrgangur frá íbúum Akureyrar hefur aukist lítillega á milli ára. Almennit sorp sem fer í urðun á Sölvabakka var rúmlega 128 tonn að meðaltali á mánuði á árinu 2013 og hafði því aukist um rúm 3%. Nokkru minna hefur borist af endurvinnsluefni frá grenndarstöðvunum en þau voru rétt tæplega 62 tonn að meðaltali á mánuði á árinu 2013. Lífrænn úrgangur sem fer til jarðgerðar í Moltu minnkaði aftur á milli ára, nú um ríflega 3%, og var rúmlega 67 tonn á árinu 2013.


Í lok ársins var gerð skodanákönnun meðal íbúa Akureyrar um viðhorf þeirra til fyrirkomulags á sorphirðu og endurvinnslu. Niðurstöðurnar voru á þá leið að um 77% íbúanna eru ánægð með fyrirkomulag á söfnun heimilisúrgangs og um 76% eru ánægð með grenndarstöðvar. Um 63% íbúanna kjósa núverandi fyrirkomulag áfram. Bæta þarf upplýsingagjöf um flokkun úrgangs og vilja flestir íbúanna að það sé gert með miðlum eins og heimasíðum.



Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með fyrirkomulag á söfnun heimilisúrgangs í sveitarfélaginu / grenndarstöðvarnar á Akureyri?



Hvorn valkostinn kysir þú frekar fyrir sorp og endurvinnslu fyrir þitt heimili?



Hvar vildir þú helst vilja nálgast upplýsingar og leiðbeiningar um endurvinnslu?

Umhverfismál

Til umhverfismála var varið 189 m.kr. í rekstur auk 100 m.kr. í sérstakt umhverfisátak. Lystigarðurinn var rekinn með hefðbundnum hætti á árinu eftir miklar framkvæmdir þar á árinu 2012. Akureyrarbær sá alveg um viðhald og umhirðu grænna svæða svo sem grasslátt, gróðursetningar og trjá- og runnaklippingar. Bæði á Akureyri og í Hrísey var baráttunni haldið áfram við útbreiðslu skógarkerfils og lúpínu. Fluglatalning fór fram í fólkvangnum í Krossanesborgum og er þetta í fjórða skiptið sem Akureyrarbær stendur að þessari vöktun á fuglalífi en fyrst var talið 1998. Allar skýrslurnar eru aðgengilegar á vef bæjarins. Í ræktunarstöð bæjarins voru ræktuð um 43.000 sumarblóm sem gróðursett voru víðsvegar um bæjarlandið þótt áherslan sé mest á miðbæjarsvæðið. Þá voru í ræktun stöðvarinnar bæði trjá- og runnaplöntur af ýmsum tegundum ásamt töluverðu magni skógarplantna til notkunar í útivistarsvæðið norðan Glerár. Matjurtargarðar voru líkt og undanfarin ár starfækrir í tengslum við ræktunarstöðina og er aðsókn bæjarbúa í garðland miklu mun meiri en hægt er að verða við vegna skorts á landi. Boðið var upp á garðlönd í Hrísey og í Grímsey og var þeim vel tekið. Rekstur opinna leiksvæða og boltavalla var með hefðbundnu sniði og rekstrarskóðanir framkvæmdar á þeim. Vinnuskólinn og sumarvinna með stuðningi voru rekinn með svipuðu sniði og fyrri ár en heldur var bætt í vinnutíma. 481 unglingur á aldrinum 14-16 ára mætti til starfa sem er örlítil fækkun frá fyrra ári. Fræðsla unglinga var um 16% af vinnutíma þeirra.

Í sumarvinnu með stuðningi var einnig bætt í vinnutíma og mættu til starfa 75 einstaklingar. Rekstur meindýra- og dýraeftirlits var hefðbundinn en það annast eftirlit og skráningu hunda, katta og annarra gæludýra. Dýraeftirlitið annast ennfremur vöktun og eyðingu á rottum, vargfugli, ref og mink. Jarðeignir og búfjáreftirlit annast leigulönd bæjarins ásamt fjallsgirðingu, fjallskilum og vörnum gegn ridu. Jarðeignir halda utan um útgáfu búfjárleyfa.

Verkefni umhverfisátaks voru margs konar, bæði stór og smá. Bæjarstjórn ákvað að hver nefnd fengi til ráðstöfunar 2 m.kr. og hverfisráðin í Grímsey og Hrísey 1 mkr. hvort. Meðal helstu verkefna var endurgerð tveggja eldri leiksvæða við Hafnarstræti (Leiruvöllur) og við Lönguhlíð (Hlíðarvöllur). Þá var gert nýtt leiksvæði á opnu svæði við Helgamagrastræti og hafnar framkvæmdir við ný leiksvæði við Ljómatún og Merkigil þar sem göngustígar voru einnig lagðir. Rusladöllum og bekkjum bæjarlandsins var fjölgað umtalsvert, grill voru sett upp víðsvegar um bæjarlandið og unnið var að merkingum áhugaverðra staða. Skógrækt var hafin í svokölluðum grænum trefli norðan Glerár þar sem um 60.000 skógarplöntur voru gróðursettar í framtíðarútivistarsvæði Akureyringa. Lagfærðar voru gönguleiðir í Grímsey, Hrísey og á útivistarsvæðum á Akureyri, s.s. í Kjaraskógi og Krossanesborgum. Í Hrísey var einnig hellulagður áningarstaður upp að hæsta punkti eyjarinnar, svokölluðu Háborði. Strandblakvellir í keppnisstærð voru gerðir í Kjaraskógi og byrjað var á framkvæmdum við nýtt svæði við Birkivöll þar sem koma á fyrir grillaðstöðu og leiktaekjum. Þá voru hafnar framkvæmdir við göngustíg meðfram Glerá frá Hörgárbraut að Hjalteyrargötu með áningarstöðum.

Slökkvilið Akureyrar

Árið 2013 var ekki gott ár í rekstri Slökkviliðs Akureyrar. Stærsti útgjaldaliðurinn var launakostnaður en ýmis óvænt atvik höfðu áhrif á hann. Nýr slökkviliðsstjóri tók til starfa 1. desember 2013. Meiri veikindi starfsmanna voru á árinu en undanfarin ár.

Í ágúst lést einn starfsmaður Slökkviliðsins við skyldustörf þegar sjúkravél fór. Mikil vinna var lögð í að aðstoða starfsmenn vegna áfallsins sem því fylgdi.

Hefðbundin vinna var unnin án kostnaðarsamra framkvæmda. Lítið var fjárfest í búnaði þetta ár en þó voru reykföfundartæki endurnýjuð í Grímsey.

Á haustdögum var ársfundur slökkviliðsstjóra haldinn á Akureyri og hann sóttu um 40 slökkviliðsstjórar víðsvegar að af landinu.

Slökkvilið Akureyrar var kallað út um 2.348 sinnum á árinu 2013 og er það ofurlítil fjölgun frá fyrri árum.

Dælubílar voru kallaðir í brunaútköll 58 sinnum sem er sami fjöldi og árið 2012. Mikil fækkun hafði verið á útköllum dælubíla á milli áruna 2011 og 2012 eða um 38%. Það er gleðilegt að fjöldi útkalla skuli standa í stað þetta ár en ekki aukast aftur. Það segir okkur að forvarnir eru góðar en þó má gera enn betur. Kostnaður við slík útköll var því í lágmarki.




Sjúkraflutningum á landi fjölgaði úr 1.768 árið 2012 í 1.802 árið 2013 eða um 34 flutninga. Sjúkraflutningum á landi hefur fjölgað nú síðustu ár eins og sjá má á súluriti hér að neðan. Samningar voru lausir en greiðslur fyrir sjúkraflutninga skiluðu sér þar sem eldri samningur var látinn gilda. Greitt var aukaframlag til að standa undir þeim kostnaði sem út af stóð. Vonir standa til að samningar náist í byrjun árs 2014.

Fjölgun varð aftur á sjúkraflugi úr 464 árið 2012 í 488 í árið 2013 eða um 24 flug og stendur það vel undir sér kostnaðarlega.

Talið er líklegt að þessum flutningum muni fjölga á næstu árum bæði hvað varðar sjúkraflutninga á landi og í lofti. Það á sérstaklega við um sjúkraflugið en það færir í vöxt að sjúklingar séu fluttir með flugi milli byggðalaga.

Þróun sjúkraflugs árin 1997-2013



Strætisvagnar Akureyrar

Leiðakerfi SVA var lítið breytt frá fyrra ári. Leið 1 var stytst og ekið um Mýrarveg í stað Skógarlundar og Þingvallastrætis. Ekið var á 4 leiðum en að auki var skólavagni ekið á morgnana vegna framhaldsskóla. Eftirlitskerfi var sett í vagnana þar sem sést rauntími allra vagna og geta farþegar séð staðsetningu á vögnum í „stræt-oppinu“. Einnig skráir kerfið feril, hraða og staðsetningu á vögnunum. Eknir voru um 246.000 km og farþegar voru um 461.000.

Hjá ferliþjónustu eru fjórir ferlibílar í notkun og eru þeir allir fullnýttir frá kl. 7.30 til kl. 17. Eftir það sinnir einn bíl akstri til kl. 23. Akstur ferliþjónustu var 123.000 km, notendur voru 258 og ferðafjöldi var 50.326.

Fráveita Akureyrar

Lokið var við ýmsar framkvæmdir sem byrjað var á árinu 2012 og nokkuð var um lagningu nýrra heimtauga. Reglulegar mælingar eru gerðar meðfram strandlengjunni til að hægt sé að ákveða næstu skref í fráveitumálum. Unnið var við hönnun á endurbótum víðsvegar í fráveitukerfinu og munu þau verkefni koma til framkvæmda árið 2014.

Heilsugæslustöðin

Akureyrarbær hefur í rúman áratug rekið Heilsugæslustöðina á Akureyri (HAK) samkvæmt þjónustusamningi við velferðarráðuneytið. Umdæmi HAK er 5 sveitarfélög í Eyjafirði og Fnjóskadal. Hríseyingar tilheyra heilsugæsluumdæmi Dalvíkur. Íbúafjöldi í umdæmi HAK var um 20.400 þann 1. janúar 2013. Reynslan af því að reka heilsugæslu og öldrunarþjónustu hjá Akureyrarbæ er góð og þær vinnuáferðir sem voru þróaðar hafa vakið mikla athygli og almennt gengið undir nafninu „Akureyrarmódelið“. Er með því vísað í samvinnu og samþættingu á sviði heilsugæslu-, félags-, öldrunar- og skólamála auk málefna fatlaðra og geðsjúkra svo eitthvað sé nefnt. Akureyrarmódelinu voru gerð góð skil í ársskýrslu Akureyrarbæjar árið 2007. Á hitt ber að líta að halli hefur verið á rekstri HAK undanfarnir ár og er það óviðunandi fyrir bæjarfélagið.

Læknisþjónusta


Reynt hefur verið að vinna út frá þeirri hugmyndafræði að allir íbúar eigi fastan heimilislækni og það fyrirkomulag talið bæði faglega og fjárhagslega hagkvæmast. Því miður hafa aðstæður ekki boðið upp á þetta síðustu ár og hefur bið eftir tímum hjá læknum enn lengst. Fer fjöldi þeirra sem ekki eiga fastan heimilislækni vaxandi en þeim íbúum var samt sinnt af læknum sem starfandi eru á hverjum tíma, sem og öðru starfsfólki. Vaxandi álag hefur verið á heimilislækna og að meðaltali átti hver íbúi á svæðinu 4,5 samskipti við þá í viðtali, símtali eða fyrir milligöngu annarra starfsmanna. Reynslan

sýnir að um 10% samskipta á heilsugæslunni eru við íbúa utan þjónustusvæðis HAK. Þriðju hverja viku fór lækni til Grímseyjar og einnig sinntu læknaþjónustu við fanga á Akureyri.

Hjúkrunarþjónusta

Hjúkrunarfræðingar sinna margskonar verkefnum í móttöku og greiða úr ýmsum heilsufarsvandum, veita ráðgjöf, leiðbeiningar og hjúkrunarþjónustu. Um 2.700 manns voru bólusettir gegn influensu, heldur fleiri en venjulega, og þar af var tæplega helmingur íbúa 65 ára og eldri. Hjúkrunarfræðingur tók að sér umsjón með greiningu og meðferð á klamydíu og virðist þeim sýkingum heldur fjölga. Hjúkrunarfræðingar sinntu einnig krabbameinsleit á FSA og færni- og heilsumati fyrir Norðurland.

Fjöldi íbúa á svæði HAK 1. des. ár hvert



Heilsuvernd

Í mæðravernd komu 439 konur í skoðun til ljósmæðra, að meðaltali tæplega 5 sinnum hver. Sem fyrr er lögð áhersla á að meta þarfir hvar og einnar og stýrja sérstaklega við þær sem þurfa á því að halda. 264 börn fæddust á upptökusvæði HAK. Börn voru vigtuð, mæld og skoðuð í ungbarnavernd, að meðaltali þrisvar sinnum hvert barn á árinu 2013. Samtals 294 fjögurra ára börn voru skoðuð í leikskólum og 55 fjölskyldur fengu sérstakan stuðning í ungbarnavernd.

Þrettán grunnskólar eru á þjónustusvæði HAK og sinna hjúkrunarfræðingar og lækna heilsuvernd um 3.000 skólubarna. Skimanir, bólusetningar og skoðanir voru gerðar í ákveðnum árgöngum og fræðsla hjúkrunarfræðinga er sífellt að eflast. Unglingamóttakan var með svipuðu sniði og verið hefur, opin einu sinni í viku yfir vetrartímann og var mest sótt af ungu fólki á aldrinum 16–18 ára sem aðallega höfðu áhyggjur af kynsjúkdómamsmiti. Rúmlega 760 íbúar höfðu samskipti við fjölskylduráðgjöf, flestir vegna vandamála er viðkoma fjölskyldutengslum, áhættuþáttum á meðgöngu og eftir fæðingu, úrvinnslu áfalla og tilfinningalegri vanlíðan svo sem kvíða, þunglyndi og depurð. Sem fyrr var mikil eftirspurn eftir þjónustu fjölskylduráðgjafa og á stundum mun lengri bið en æskilegt getur talist.

Á Grenivík sinnti hjúkrunarfræðingur heilsuvernd og lækna fóru þangað reglulega í móttöku.

Heimahjúkrun

Jafnt og þétt hefur þörfin fyrir heimahjúkrun aukist. Öldruðum hefur fjölgað um rúmlega 10% á svæðinu frá 2008 um leið og vistrýmum hefur fækkað ásamt því að dregið hefur úr starfsemi sjúkrastofnana. Fjöldi skjólstaðinga heimahjúkrunar stóð í stað milli ára en vitjunum fækkaði eilítið vegna þess að núna er fleiri einstaklingum sinnt með tímafrekari og sérhæfðari hjúkrunarþarfir en áður. Markvisst er farið yfir allar umsóknir um heimahjúkrun og heimaþjónusta Akureyrarbæjar sinnir í meira mæli verkum sem áður var sinnt af hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum, verkum sem ekki kalla á menntaða heilbrigðisstarfsmenn. Á árinu 2012 var gerður samningur við Sjúkratryggingar Íslands um þjónustu við sjúklingahóp sem áður var sinnt af hjúkrunarfyriertækinu Umönnun. Með þeim samningi var unnt að sinna breiðari sjúklingahópi en áður og auk þess taka upp vaktir hjúkrunarfræðinga fjögur kvöld vikunnar.





Fótboltastelpur á æfingu í Boganum.

Samfélags- og mannréttindadeild

Hlutverk samfélags- og mannréttindadeildar er að hafa umsjón með rekstri félags- og tómsundamiðstöðva á vegum bæjarins og annast samskipti við félög sem starfa á því sviði, yfirstjórn á rekstri íþróttamannvirkja og samskipti við félagasamtök á sviði íþróttamála, forvarnamál, starfsemi kvennasmiðju, málefni ungs fólks, málefni nýbúa, jafnréttismál og önnur mannréttindamál sem ekki eru sérstaklega falin öðrum deildum bæjarins. Tvö pólitísk ráð hafa með yfirstjórn deildarinnar að gera, annars vegar samfélags- og mannréttindaráð sem fer æskulýðs-, tómsunda-, forvarna- og mannréttindamál, hins vegar íþróttaráð sem fer með íþróttamál.

Æskulýðs- og tómsundamál

Meðal lykilþátta í starfi félagsmiðstöðva eru opin hús, kennsla í félagsmálafræði, opið klúbbastarfræði og sértækt hópastarfræði. Sem dæmi um sértækt hópastarfræði má nefna „Tóta-hópana“ þar sem markvisst er unnið að því að draga úr óhóflegri tölvunotkun. Forvarnir í viðum skilningi eru lykilmálhald í öllum starfsþáttum félagsmiðstöðvanna. Starfsfólk félagsmiðstöðva sér um fræðslu ýmiss konar fyrir grunnskólana og Vinnuskólann með forvarnir að leiðarljósi. Samvinna er við grunnskóla og fjölskyldudeild með það að markmiði að auka félagsþroska og bæta líðan ungmenna.

Lykilþættir í starfsemi Ungmenna-Hússins eru opin aðstaða, klúbbastarfræði, ráðgjöf og stuðningur og fjölbreyttir viðburðir. Skapandi sumarstörf eru orðin fastur liður í starfsemi Ungmenna-Hússins. Samvinna er við Vinnuálastofnun vegna ungra atvinnuleitenda um aðstoð við gerð ferilskráa, ráðgjöf og stuðning við atvinnuleit. Haustið 2013 hófst samstarf við fjölskyldudeild vegna ungmenna sem hvorki eru í skóla né á vinnuástandi. Í því felst að bjóða upp á námskeið og tímabundinn stuðning inn á vinnuástandi. Ungmenna-Húsið er þátttakandi í Evrópuverkefni um atvinnuástand ungmenna.

Alls fengu um 200 ungmenni vinnu í sumarátaki Akureyrarbæjar í aldurshópnum 17–25 ára en Ungmenna-Húsið heldur utan um ráðningarnar.

Nemendum í unglingadeildum grunnskólanna, sem ekki finna sig í hefðbundnu námi, stendur til boða starfstengt nám. Þátttakendur eru um 30 á hverju ári.

Forvarnafræðsla var með hefðbundnu sniði. Aðgerðaáætlun forvarnastefnu var endurnýjuð á vormánuðum og gildir næstu tvö skólaár.

Starfsemin í Punktinum var með svipuðum hætti og undanfarin ár. Boðið var upp á opna aðstöðu til handverksíðkunar auk styttri námskeiða fyrir börn og fullorðna. Í boði voru ýmis námskeið, t.d. glerbræðsla, leirmótun, fuglahús, mósaík, fatasaumur, kollasmíði, „scrapbooking“ og brjóstyskursgerð svo eitthvað sé nefnt. Mikill meirihluti þeirra sem nýta sér aðstöðuna eru konur. Heimasíða Punktins er www.punkturinn.akureyri.is Boðið er upp á fjölmörg námskeið fyrir börn og unglunga yfir vetrartímann og í sumar var boðið upp á námskeiðið Tjaldubúann þar sem börnin saumuðu sitt eigið tjald. Um 2.800 börn og unglingar sóttu námskeið á árinu.

Samfélags- og mannréttindaráð veitti í fyrsta skipti viðurkenningu fyrir framúrskarandi starf á sviði æskulýðsstarfs og tómsunda. Veittar voru fimm viðurkenningar, þrjár til einstaklinga og tvær fyrir verkefni.

Heimsóknir	2012	2013
Félagsmiðstöðvar	19.500	20.000
Ungmenna-Húsið	15.000	15.000
Punkturinn, fullorðnir	14.000	20.000
Punkturinn, börn	1.200	2.800

Íþróttamál

Í upphafi árs var aldur þeirra barna sem fengu inneign frá Akureyrarbæ fyrir íþrótt-, tómsunda- og æskulýðsstarf hækkaður um tvö ár og nær nú til barna á aldrinum sex til þrettán ára. Nýting á inneigninni er 69%. Dreifing á nýtingu inneigna eftir kyni er misjöfn milli félaga/fyrirtækja en í heildina er nýting milli kynja jöfn.

Glæsilegur gervigrasvöllur á félagssvæði KA bættist í mannvirkjaflotann og lokið var við að útbúa aðstöðu til innanhúss golfíðkunar í kjallara Íþróttahallarinnar. Íþróttamannvirki bæjarins eru sex íþróttahús, fjórar sundlaugar, skíðasvæðið í Hlíðarfjalli, knattspyrnuhöll, reiðhöll, skautahöll og tvær stúkubyggingar. Að auki tekur bærinn þátt í rekstri knattspyrnugrasvalla, golfvallar, aksturssvæðis, sparkvalla og hjólabrettasvæða.

Leigðir tímar á viku	2012-2013
Grunnskólar	424
Aðildarfélag ÍBA	469
Almennir útleigutímar	188

Stærstu kostnaðarliðirnir vegna íþróttamála eru húsaleiga til Fasteigna Akureyrarbæjar sem var 684 milljónir á árinu og húsaleigustyrkir til aðildarféлага ÍBA sem námu 240 milljónum. Aðildarfélag ÍBA standa fyrir og koma að mörgum og fjölbreyttum íþróttaviðburðum á hverju ári í íþróttamannvirkjum bæjarins. Auk þess fara margvíslegir viðburðir ótengdir íþróttastarfsemi fram þar, s.s. tónleikar, listsýningar, veislur, ráðstefnur og fundir.

Árið 2013 var gott í Hlíðarfjalli og góð snjölög voru allt frá byrjun árs. Ferðafólk nýtti vetrarfrí í skólum til að heimsækja Hlíðarfjall og var aðsóknin á við góða páska. Þá voru páskarnir vel nýttir til skíðaðíðkunar. Fjölmargir viðburðir voru á árinu: World Snow Day á vegum FIS, Éljagangur, Telemark-hátið, Íslandsgangan, Unglingameistararnót Íslands, Andrésar Andar leikarnir og ýmsir smærri viðburðir. Grunnskólar bæjarins komu á sínum árlegu útivistardögum.



Samningar voru endurnýjaðir við Íþróttafélagið Þór og Knattspyrnufélag Akureyrar um rekstur og umsjón íþróttamannvirkja Akureyrarbæjar á félagssvæðum þeirra. Sjö rekstrar-samningar vegna reksturs og umsjónar íþróttamannvirkja voru í gildi á árinu. Nýr rekstrarsamningur við Fimleikafélag Akureyrar var undirritaður á árinu. Rekstrarstyrktarsamningar við tíu aðildarfélög ÍBA voru í gildi árið 2013. Íþróttaráð veitti fjórum kvennadeildum aðildarfélaga ÍBA rekstrarstyrki á árinu. Alls veitti íþróttaráð styrki og framlög fyrir um 171 milljón á árinu.

Viðurkenningar fyrir mikið og gott starf í þágu íþróttastarfs á Akureyri voru veittar samkvæmt hefð sem og viðurkenningar vegna Íslandsmeistararitla sem urðu alls 174 í 153 greinum. Sex afreksíþróttamenn fengu mánaðarlega styrki en einnig voru veittir eingreiðslustyrkir vegna 18 íþróttamanna og 11 styrkir til íþróttafélaga vegna 102 landsliðsmanna. Ítarlegri ársskýrsla

Hliðarfjall

Gestir	75.714
Skídaleigudagar	3.212
Skíðaskóli	2.350
Seld vetrarkort	2.026

Heimsóknir í íþróttamannvirki

	2013	2012	2011
Hliðarfjall	75.714	60.435	64.457
Íþóttamiðstöðin Giljaskóla	112.000	100.000	80.000
Íþróttahús Glerárskóla	114.000	102.000	112.000
Íþróttahús Laugargötu	19.272	21.200	19.500
Íþróttahöllin	320.000	310.000	300.000
Íþóttamiðstöðin í Hrísey	13.198	10.500	12.500
Íþróttahús Síðuskóla	100.000	100.000	100.000
Sundlaug Akureyrar	352.401	323.292	330.000
Sundlaug Glerárskóla	60.000	58.000	58.000
Sundlaugin í Grímsey	1.466	2.200	2.000

íþróttamála er á slóðinni <http://www.akureyri.is/rosenberg/ithrottamal>

Mannréttindamáli

Starfsemi Alþjóðastofu byggist á upplýsingaþjónustu til fólks sem er af erlendu bergi brotið og ráðgjöf varðandi ýmis málefni, s.s. skólamáli, félagslega þjónustu, skattamál, tryggingar, heilbrigðisþjónustu, námskeið í íslensku, dvalar- og atvinnuleyfi. Alþjóðastofa sér um miðlun tülka, tekur þátt í rannsóknum og veitir fræðslu auk þess að taka þátt í og styðja við margvíslega starfsemi, s.s. fjölmenningsráð, alþjóðlegt konukaffi, pólskan helgaskóla fyrir börn, bóka-þrjóna-tala-saman-á-íslensku-klúbb o.fl. Heimasíða Alþjóðastofu er www.astofan.akureyri.is

Launakönnun var framkvæmd á árinu og sýndu niðurstöður hennar óútskýrðan mun á launum kynjanna upp á 3,9% í heildarlaunum og 1,5% á dagvinnulaunum, konum í óhag. Ýmis önnur verkefni á sviði jafnréttismála voru unnin, s.s. tilraunaverkefni í kynjasambættingu og kynjaðri fjárhagsáætlanagerð.

Gerður var samningur við Starfsendurhæfingu Norðurlands um meðferðarúrræðið Gæfusporið sem ætlað er konum sem orðið hafa fyrir kynferðisofbeldi í æsku.

Skipulagsdeild

Meginverkefni skipulagsnefndar og skipulagsdeilda Akureyrarbæjar eru skipulags- og byggingarmál, umhverfisskipulag, lóðaúthlutunir, umferðarmál og landupplýsingakerfi Akureyrar (LUKA).

Leiðarljós skipulagsnefndar er Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018 sem leggur línur og verður ekki fram hjá komist nema með breytingum á því. Skipulagsnefnd hefur frumkvæði að skipulagstillögum og breytingum á þeim en bæjarstjórn samþykkir þær eða hafnar.

Skipulagsnefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um stefnu í skipulags- og byggingarmálum og tekur ákvarðanir á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010 og mannvirkjalaga nr. 160/2010. Hún hefur eftirlit með stefnumörkun og samþykktum í málaflókum sem undir hana heyra, hefur frumkvæði að gerð skipulagstillagna og skipulagsskilmála og gerir tillögur til bæjarstjórnar um skipulagsáætlanir og breytingar á þeim.

Skipulagsstjóri er framkvæmdastjóri skipulagsnefndar og sér einnig um daglegan rekstur skipulagsdeilda en þar starfa 8 manns. Framkvæmd byggingarmála og byggingareftirlits heyrir einnig undir skipulagsdeild.

Skipulagsnefnd hélt 20 fundi á árinu 2013 og tók til umfjöllunar 282 mál. Skipulagsstjóri (skipulags- og byggingarfulltrúi) hélt 48 afgreiðslufundi vegna byggingarmála og tók til umfjöllunar 430 mál. Úttektir byggingareftirlits á árinu voru 457 auk stöðu- og lokaúttekta og annarra skoðana á húsum.

Helstu skipulagsverkefni sem lokið var á árinu 2013:

- Miðbær 1. áfangi, deiliskipulag Drottningarbrautarreits
- Dalsbraut, deiliskipulag, framkvæmdarleyfi
- Innbær, endurskoðun deiliskipulags
- Hliðarhverfi, deiliskipulag
- Siglingaklúbburinn Nökkvi, deiliskipulag
- Stórholt - Lyngholt, deiliskipulag
- Óseyri sunnan Krossanesbrautar, deiliskipulag
- Vestursíða – Borgarbraut, deiliskipulag
- Brekkuskóli og nágrenni, deiliskipulag
- Aðalskipulagsbreyting, háspennulínur að Kífsá
- Jaðarstún, deiliskipulag
- Hálönd 1. áfangi, deiliskipulag

Skipulagsverkefni í vinnslu 2013:

- Miðbær 2. áfangi, deiliskipulag Skipagötureits og nágrennis. Skipulagsvinnu vegna endurskoðunar deiliskipulags miðbæjarins er lokið. Haldnir hafa verið tveir íbúafundir þar sem tillagan hefur verið kynnt. Reynt hefur verið eftir fremsta megni að taka tillit til þeirra athugasemda sem fram komu við tillögu sem auglýst var á fyrra kjörtímabili, s.s. vegna síkis, of mikils byggingarmagns og bílastæðamála. Gert er m.a. ráð fyrir endurgerð Torfunefsbryggju í tillögunni. Deiliskipulagstillaga miðbæjarins er í auglýsingarferli og gert ráð fyrir að hún verði staðfest í lok kjörtímabils.
- 3. áfangi Naustahverfis - Hagahverfi. Vinna við deiliskipulagningu Hagahverfis er lokið og hafa þær tillögur verið afgreiddar í skipulagsnefnd og bæjarstjórn. Í tillögunum er gert ráð fyrir blandaðri byggð en þó reynt að hafa byggðina fjölbreytta og aðlaðandi. Gert er ráð fyrir að deiliskipulagstillagan fari í auglýsingarferli í byrjun árs 2014 til þess að tryggja að nægilegt framboð lóða verði á hverjum tíma.
- Jaðarstún – deiliskipulag. Svæði vestan Tjarnarhóls, Jaðarstún, var tekið undir íbúðabyggð en svæðið hafði áður verið skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota. Skipulagsvinnu er lokið á svæðinu en þar er gert ráð fyrir 6 fjórbylishúsum og 6 parhúsum eða í allt 36 íbúðum. Öllum þessum lóðum hefur nýlega verið úthlutað.
- Glerárdalur, fólkvangur. Bæjarstjórn samþykkti á 150 ára afmæli bæjarins að hluti Glerárdals yrði friðlýstur sem fólkvangur og er undirbúningsvinnu lokið. Verkefnið hefur verið unnið í nánú samstarfi við Umhverfisstofnun en í þeirri vinnu hefur verið lögð mikil áhersla á aðgengi að dalum m.t.t. útivistar. Gert er ráð fyrir að formleg afgreiðsla vegna þessa klárist í byrjun árs 2014.
- Virkjun á Glerárdal - deiliskipulag. Bæjarstjórn hefur gert samning við Norðurorku um undirbúning vegna 3,3 MW virkjunar á Glerárdal. Vinnu vegna deiliskipulagningar svæðis á Glerárdal, þar sem gert er ráð fyrir uppistöðulóni fyrirhugaðar virkjunar í



efri hluta Glerár, er lokið og er í auglýsingarferli. Þar verður lögð áhersla á góðar gönguleiðir að þéttbýlinu og áningarstaði í tengslum við uppbygginguna. Gera þurfti aðalskipulagsbreytingu samhliða deiliskipulagningu virkjunarsvæðisins en tekið skal fram að virkjunarsvæðið er utan afmörkunarfólkvangs.

- Hlíðarfjall, deiliskipulag skíðasvæðis. Deiliskipulag skíðasvæðisins var auglýst að nýju eftir að svokallað snjóflóða-hættumat lá fyrir frá Veðurstofu Íslands. Deiliskipulagstillagan hefur nú verið staðfest og tekið gildi. Um er að ræða mjög framsækið skipulag með umtalsverðri uppbyggingu fyrir rekstrar- og hagsmunaaðila en ljóst er að uppbyggingin mun standa yfir næstu áratugi.

- Kjarnaskógur, deiliskipulag. Deiliskipulagsvinnu er lokið en deiliskipulagið tekur til alls Kjarnaskógar og tjaldsvæðisins við Hamra. Í deiliskipulaginu er m.a. gert ráð fyrir framtíðarstækkun tjaldsvæðisins til norðurs.

- Svæðisskipulag Eyjafjarðar. Endurskoðun á svæðisskipulaginu er lokið og tillagan staðfest af Skipulagsstofnun.

- Aðalskipulag Hríseyjar hefur verið í endurskoðun í samráði við hverfisráð Hríseyjar. Þeirri vinnu er ekki lokið og má vænta að henni verði lokið 2014.

Samkvæmt stefnu L-listans í bæjarstjórn er lögð áhersla á neðangreind verkefni.

Verkefni á undirbúningsstigi:

- Krossanes – Þórsnes, deiliskipulag
- Göngu- og hjólastígatengingar innan bæjarlandsins frá Kjarnaskógi að Krossanesborgum

Svæði skilgreind í aðalskipulagi sem verkefni vegna þéttingar byggðar:

- Deiliskipulag við Vestursíðu, að hluta lokið
- Svæði 1 við Krossanesbraut
- Svæði 2 við Krossanesbraut
- Deiliskipulag við Melgerðisás
- Svæði við Hlíðarbraut
- Nemendagarðar við Norðurslóð
- Deiliskipulag við Viðjulund
- Akureyrarvöllur, breytt landnotkun
- Oddeyrin, endurskoðun

Nauðsynlegt er að vanda mjög til verka við verkefni „þétting byggðar“ sem oft og tíðum eru viðkvæm mál og kalla á nána samvinnu og samráð við íbúa.

Tryggja skal nægilegt framboð lóða á hverjum tíma og er staðan þannig nú að til eru lóðir í öllum flokkum innan byggingargeirans.

Háspennulínur um Akureyri, aðalskipulagsbreyting.

Landsnet ohf. hefur óskað eftir að gerð verði breyting á aðalskipulagi Akureyrar þannig að hægt verði að ljúka við Blöndulínu 3 og áframtingu við Kröflulínu. Gerð hefur verið aðalskipulagsbreyting á hluta línuleidarinnar frá sveitarfélagsmörkum að Kífsá. Skipulagsnefnd hefur lagt til að áframtingingin frá Kífsá að sveitarfélagsmörkum Eyjafjarðarsveitar verði lögð í jörðu.

Yfirlit yfir byggingaframkvæmdir á árinu 2013

(tölur í svigum eru frá 2012):

Íbúðarhús:

Hafin var smíði 46 íbúða (71) árið 2013. Þar af voru einbýlishús 3 (9), 1 raðhús með 5 (17) íbúðum og 5 fjölbýlishús með 38 (45) íbúðum.

Skráðar voru fullgerðar 94 (86) íbúðir á árinu, þ.e. 0 (1) einbýlishús, 4 (8) íbúðir í raðhúsum og 90 (77) íbúðir í fjölbýlishúsum.

Í árslok voru fókheld og lengra komin í byggingu 83 (76) einbýlishús, 80 (74) íbúðir í raðhúsum og 228 (295) íbúðir í fjölbýlishúsum.

Skemmra á veg komin en fókheld í byggingu voru í árslok 11 (15) einbýlishús, 16 (21) íbúðir í raðhúsum og 270 (255) íbúðir í fjölbýlishúsum.

	Einbýli	Raðhús	Fjölbýli	Samtals
Hafnar framkvæmdir	3	5	38	46
Fullgert á árinu	0	4	90	94
Fókheld á árinu	7	10	23	40
Í smíðum í árslok	94	82	96	71
Þar af í notkun	498	207	688	360


Hafnar framkvæmdir við íbúðabyggingar, bílgeymslur, sólskála, viðbyggingar o.fl.

5.759 m² (9.397) og 18.971 m³ (32.492).


Hafnar framkvæmdir við atvinnu- og þjónustuhúsnæði 2013:

	m ²	m ³
Landbúnaður	84	334
Fiskiðnaður	158	716
Vörugeymslur/geymar	45	114
Vinnsla búsafurða	66	241
Iðnaður	1.266	5.781
Verslun	206	810
Veitinga- og gistihús	0	1.143
Verslun/iðnaður	0	0
Verslun/skrifstofur	0	0
Skrifstofuhúsnæði	0	0
Frístundahús	1.048	3.855
Önnur þjónustustarfsemi	44	153
Félagsleg starfsemi	0	0
Opinber starfsemi	13	32
Samtals	2.930	12.036
Tölur frá síðasta ári	(2.154)	(7.903)

Íbúðabyggingar eftir byggingarstigi



Íbúðarbyggingar, byrjanir eftir húsaagerð



Skóladeild

Árið 2013 var engin undantekning frá fyrri árum hvað varðar fjölbreytt og metnaðarfull verkefni í skólum Akureyrarbæjar. Stjórnendur og starfsmenn eru almennt mjög metnaðarfullir og stöðugt að leita leiða til að bæta starfið og auka árangur þess.

Áfram var unnið að þeim verkefnum sem samþykkt var að vinna að árið 2012 samhliða tillögum að breytingum á stjórnkerfi leik- og grunnskóla Akureyrarbæjar. Þessi verkefni eru:

- Skapa svigrúm til að ráða mannaúdsstjóra á skóladeild sem sinnir ráðgjöf til stjórnenda vegna starfsmannamála sem og ráðgjöf til starfsmanna skólanna
- Stækka og/eða sameina leikskóla með það að markmiði að fjöldi barna í hverjum leikskóla verði á bilinu 90-140
- Auka ráðgjöf til leik- og grunnskólustjóra í þeim tilgangi að efla faglega forystu í skólum og styrkja samfellu skólástigganna
- Hvetja til þess að skólar byggi starf sitt á hugmyndum og aðferðum um lærdómssamfélagið (Professional Learning Community) og komið verði á teymisvinnu í öllum skólum
- Þróa áfram samstarf Naustaskóla og Naustatjarnar
- Auka dreifstýringu í leikskólum til samræmis við það sem er í grunnskólunum.

Staðan á þessum verkefnum er sem hér segir:

- Það má segja að stöðu þróunarstjóra í starfsmannafjónustu Akureyrarbæjar megi að hluta til rekja til tillögunnar um að ráða mannaúdsstjóra á skóladeild. Þróunarstjóri hefur unnið að mörgum verkefnum sem snúa að bættri starfsmannastjórnun í skólum Akureyrarbæjar. Þar ber hæst vinnu við greiningu á aukinni fjarveru vegna veikinda og álags sem starfsmenn upplifa í starfi.

- Stjórnendur og starfsmenn leikskólanna Pálmholts og Huldurheima unnu skipulega að því að mynda eina heild í hvorum skóla. Þetta starf var unnið með ráðgjöf og stuðningi frá Miðstöð skólaþróunar HA. Undir lok ársins voru komnar fram skýrslur vegna þessarar vinnu þar sem fram kemur almenn ánægja með þetta starf og hvernig það hefur gengið. Það er edlilegt að það taki einhvern tíma að ná fullri sátt þegar skólar eru sameinaðir eins og í þessum tilvikum.

- Meginþorri stjórnenda grunnskólanna tók þátt í verkefninu Heiltæk forysta sem miðar að aukinni samvinnu stjórnenda en því verkefni lauk á vordögum 2013. Skóladeild, í samstarfi við Miðstöð skólaþróunar HA, hefur frá hausti tekið við keflinu og nú er verkefnið unnið undir heitinu Lærdómssamfélagið. Er það í samræmi við þá stefnumörkun sem að ofan greinir. Er byrjað á því að vinna með skólustjórnendur leik- og grunnskóla og stefnt að því að útvíkka verkefnið inn í skólana á næsta skólaári. Í þessu verkefni er lögð áhersla á stjórnun og starf sem byggir á skýrri sýn, markmiðum og viðmiðum. Þá er lögð áhersla á árangur og teymisvinnu.

- Naustaskóli og Naustatjörn fá áfram ráðgjöf frá Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri.
- Unnið er samkvæmt áætlun um að auka sjálfstæði stjórnenda leikskólanna í samræmi við samþykkt þar um.

Rekstur

Rekstur fræðslu- og uppeldismála fór 1,7% fram úr áætlun árið 2013 eða um 81 milljón króna. Rekstur leikskóla var samkvæmt áætlun, rekstur grunnskóla fór hins vegar 2,5% fram úr áætlun og Tónlistarskólinn 3,25%. Helstu skýringar á framúrkeyrslu grunnskólanna eru að framlag mennta- og menningarmálaráðuneytisins til Hlíðarskóla var um 29 milljónum lægra en samkvæmt áætlun, langtímaveikindi voru mun meiri en gert var ráð fyrir og til kom starfslokasamningur.

Nemendafjöldi í leik- og grunnskólum 1. október ár hvert


	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013
Leikskólar	1.048	1.061	1.046	1.084	1.096	1.105	1.091
Grunnskólar	2.589	2.620	2.593	2.599	2.610	2.624	2.635
Heildarfjöldi	3.637	3.681	3.639	3.683	3.706	3.729	3.726

Veikindi og álag í skólum


Undanfarin ár hefur kostnaður vegna veikinda og álags á starfsfólk farið vaxandi. Af þessum ástæðum meðal annars var þróunarstjóri

ráðinn til eins árs hjá starfsmannafjónustu en nauðsynlegt er að greina ástæður þessarar þróunar í skólunum. Niðurstaða þeirrar vinnu lá ekki fyrir í lok ársins en þróunin hefur verið á verri veg í leikskólunum en heldur skárrí í grunnskólunum á þessu ári samanborið við fyrra ár. Þetta má sjá á meðfylgjandi myndum.

Veikindadagar í leikskólum Akureyrarbæjar 2010-2013



Veikindadagar í grunnskólum Akureyrarbæjar 2010-2013



Sú þróun sem birtist hér í leikskólunum hefur leitt til þess að leikskólustjórur og trúnaðarmenn leikskólakennara hafa kallað eftir viðbrögðum yfirvalda vegna aukins álags í leikskólunum. Skólanefnd setti á fót starfshóp í lok ársins til að skoða ástæður þessa svo hægt sé að bregðast við.

Sameiginlegur matseðill

Vel hefur gengið með sameiginlegan matseðil í leik- og grunnskólum bæjarins. Þetta framtak hefur vakið athygli víða á landinu og hafa verið nokkuð tíðar heimsóknir og fyrirspurnir vegna þessa. Á haustmánuðum var farið í alla skóla og mötuneytin tekin út, þ.e. matseðill, framreiðsla og umgjörð matartíma í skólunum. Til að fá áreiðanlegra mat fóru tveir óskyldir aðilar í þessar heimsóknir. Nú er fyrirbyggjandi skýrsla með tillögum um úrbætur sem unnið er eftir í samvinnu við skólustjóra og matráða skólanna.

Samstarf og samræða allra skólastiga – ráðstefna um lærdómssamfélagið

Ráðstefnan var haldin 4. október í Íþróttahöllinni, Brekkuskóla og Menntaskólanum á Akureyri. Að ráðstefnunni stöðu Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar í samvinnu við Akureyrarbæ, BKNE (Bandalag kennara á Norðurlandi eystra), MA, FSNE (Félag skólustjóra á Norðurlandi eystra), Miðstöð skólaþróunar HA, VMA, 6. deild Félags leikskólakennara og mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Tilgangur ráðstefnunnar var að stuðla að samræðu kennara og stjórnenda af öllum skólastigum um lærdómssamfélagið. Aðalfyrirlesarar ráðstefnunnar voru prófessor Louise Stoll og Birna Svanbjörnsdóttir forstöðumaður Miðstöðvar skólaþróunar HA. Boðið var upp á 52 málstofur um mjög fjölbreytt efni. Alls sóttu ráðstefnuna um 1.400 kennarar, stjórnendur og aðrir starfsmenn skóla. Langflestir þeirra komu af Norðurlandi. Þetta hefur hingað til verið eina ráðstefnan haldin hér á landi sem er ætlað að höfða til starfsfólks allra skólastiga og að auki örugglega sú allra fjölmennasta.



Lærdómssamfélagið

Eins og fram hefur komið endurtekið hér að framan er áhersla lögð á að innleiða vinnubrögð lærdómssamfélagsins í allt skólastarf á Akureyri. Þessa vinnu var ákveðið að hefja með skólástjórnendum leik- og grunnskóla. Þá var öllum skólástjórnendum úr nágrenna-sveitarfélögunum boðin þátttaka, sem flestallir þáðu. Til viðbótar hafa komið skólástjórnendur Dalvíkurskóla. Þessi vinna er langtíma-verkefni og er í raun ferli sem lýkur aldrei. Þetta ferli og þær áherslur sem lagðar eru með því eru hins vegar hornsteinar árangursríks skólastarfs eins og sýnt hefur verið fram á í mörgum rannsóknum á undanförunum árum.

Þrjár meginhugmyndir lærdómssamfélagsins, sem allt snýst um, eru:

1. Stöðug áhersla á að allir nemendur læri.
2. Samstarfsmenning og eindregni um stuðning við nám bæði nemenda og fullorðinna.
3. Árangursmiðaðir starfshættir sem bæta vinnubrögð og drífa stöðugar umbætur áfram.

Viðurkenningar skólanefndar 2013

Viðurkenningar skólanefndar árið 2013 voru veittar við hátiðlega athöfn í Hömrum í Hofi 27. júní.

Sérstaka heiðursviðurkenningu hlaut Birgir Helgason tónlistarkennari sem var söngkennari við Barnaskóla Akureyrar frá 1. september 1959 til ágústloka 1998. Listsköpun af ýmsu tagi er hluti skólastarfs og í gegnum tónlist og söng er gott að rækta samstarf, samkennd og gleði. Þessum þætti sinni Birgir af alúð og var óspar á tíma sinn og verk í þágu Kórs Barnaskóla Akureyrar. Fyrir það var honum þakkað.

Leikskólar

Leikskólinn er fyrsta skólástigið og er fyrir börn undir skólaskyldualdri. Mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út í maí 2011 nýja aðalnámskrá fyrir leikskóla. Með tilkomu hennar þarf hver leikskóli að endurskoða og yfirfara sína eigin skólanámskrá og á þeirri vinnu að vera lokið árið 2015. Hver skóli setur sér sína stefnu, áherslur og markmið með leikskólastarfinu. Einnig leggur hver skóli fram starfsáætlun og metur innra starf sitt.

Vorið 2010 gerði mennta- og menningarmálaráðuneytið úttekt á leikskólanum Íðavelli. Í niðurstöðum kom fram að skólinn þyrfti að lagfæra þrjá þætti og var framsetning á skólanámskránni einn þeirra. Skólinn setti fram umbótaáætlun og í lok árs 2012 lagði skólinn fram nýja skólanámskrá. Í framhaldi af því staðfesti ráðuneytið að úttektinni væri lokið af þess hálfu.

Leikskólinn Tröllaborgir fór á haustönninni í ytra mat á vegum Námsmatsstofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið og skýrsla um úttektina er væntanleg í byrjun árs 2014.

Leikskólarnir Flúðir og Pálmholt voru sameinaðir í einn skóla þann 1. ágúst 2012. Þessi sameinaði skóli heitir nú Leikskólinn Pálmholt. Leikskólarnir Holtakot og Síðusel voru einnig sameinaðir þann 1. ágúst 2012 og heitir skólinn Leikskólinn Huldurheimar en skiptist í Kot og Sel. Um mitt ár 2013 voru gefnar út greinargerðir um sameiningu þessara skóla en skóladeildin óskaði eftir því við Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri að veita þessum skólum ráðgjöf og vinna úr fræðilegum gögnum er varðaði þessar sameingar.

Akureyrarbær rekur nú níu leikskóla á Akureyri, eina leikskóladeild í Hrísey og aðra í Grímsey. Auk þess styrkir bærinn tvo einkarekna leikskóla, Hólmasól sem er rekinn af Hjallastefnunni ehf. og Hliðaból sem rekinn er af Hvítasunnukirkjunni á Akureyri. Leikskólarnir eru opinir frá kl. 7.45–16.15. Leikskólarnir voru lokaðir í fjórar vikur sumarið 2013 en tímabilið var ákveðið í samráði við foreldraráð hvers skóla. Leikskóladeildin í Hrísey er opin frá kl. 7.45–15.00 og leikskóladeildin í Grímsey var opin í október frá kl. 8.00–12.00 fjóra daga vikunnar. Deildin í Grímsey starfar frá miðjum ágúst til loka máí.

Í október voru um 97,3% barna á Akureyri á aldrinum 2ja–5 ára, fædd 2008–2011, í leikskóla. Þá voru einnig í leikskóla um 19,9% barna sem fædd voru 2012 en börn þurfa að hafa náð a.m.k. 18

mánaða aldri til þess að komast inn í leikskóla. Í október voru alls 1.093 börn í leikskólunum. Þá voru 969 börn í 7-8,5 tíma vistun og 122 börn í 4- 6,5 tíma vistun. Heildarstöðugildin í leikskólunum í október voru 257,82 og alls störfuðu þá 297 starfsmenn í leikskólunum. Hlutfall fagmenntunar af heildarstöðugildum er 59,11% og hlutfall fagmenntunar í deildarstarfi er 79,48%.

Dagforeldrar

Dagforeldrar í Akureyrarbæ í lok desember 2013 voru 39 og hjá þeim dvöldu alls 179 börn. Akureyrarbær greiddi niður daggæslu fyrir 175 börn og þar af voru 146 börn giftra foreldra og foreldra í sambúð og 29 börn einstæðra foreldra. Niðurgreitt var fyrir tvö börn þar sem báðir foreldrar voru í námi og þrjú börn voru ekki skráð með lögheimili í bæjarfélaginu. Á árinu 2013 voru fjögur leyfi veitt til daggæslu barna í heimahúsi. Þá létu fjórir dagforeldrar alveg af störfum og tveir dagforeldrar voru án viðskiptavina frá ágúst til desemberloka. Nokkuð var um að dagforeldrar fylltu ekki í laus pláss haustið 2013.

Nýr samningur á milli dagforeldra og Akureyrarbæjar tók gildi 1. september 2013. Helstu breytingar frá fyrri samningi er veikindaréttur dagforeldra sem nú er 10 dagar á ári en áður höfðu dagforeldrar ekki rétt á greiddum veikindadögum. Einnig var gerð breyting á launatryggingu dagforeldra á þann veg að launatrygging tekur ekki gildi ef skóladeild tilkynnir foreldrum og dagforeldrum með lágmarki þriggja mánaða fyrirvara um að vistun barns ljúki. Sé fyrirvarinn hins vegar skemmri á dagforeldri rétt á launatryggingu í allt að þrjú mánuði ef annað barn fyllir ekki skarðið og dagforeldri fer að settum skilyrðum varðandi reglur um launatryggingu. Námskeiðsdagur dagforeldra var haldinn 4. nóvember og nýttu 27 dagforeldrar sér fræðslu um líkamsbeitingu, slökun og næringu ungbarna.

Grunnskólar

Akureyrarbær rak á árinu alls níu almenna grunnskóla og einn sérskóla. Þeir voru Brekkuskóli, Naustaskóli, Lundarskóli, Giljaskóli, Síðuskóli, Glerárskóli, Oddeyrarskóli, Hríseyjarskóli og Grímseyjarskóli. Hlíðarskóli er sérskóli og Hríseyjarskóli og Grímseyjarskóli eru leik- og grunnskólar. Allir grunnskólar Akureyrarbæjar eru heildstæðir nema Grímseyjarskóli en þar fara nemendur í aðra skóla í landi eftir að hafa lokið 8. bekk. Heildstæður skóli er skóli þar sem nemendur eru í 1.–10. bekk í sama skóla.

Akureyrarbær er aðili að Skólavoginni eins og flest sveitarfélög í landinu og flestir skólar. Þar fást upplýsingar um árangur á samræmdum prófum, lykiltölur í rekstri skólanna og viðhorfum nemenda, foreldra og starfsmanna gagnvart skólastarfinu.

Hér fara á eftir helstu niðurstöður í þessum þremur flokkum fyrir Akureyrarbæ fyrir árið 2013.

Rekstrarupplýsingar (allar kostnaðartölur í þús. kr.)

	Landið	Akureyri
Fjöldi nemenda á hvern starfsmann við kennslu	9.3	10.4
Fjöldi nemenda á hvern kennara	11.5	12.4
Fjöldi nemenda á hverja stjórnunarstöðu	87.1	122.5
Fjöldi nemenda á hvern almennan starfsmann	21	20.1
Árlegur launakostnaður á hvern nemanda	857	802
Annar árlegur kostnaður á hvern nemanda	495	401
Árlegur sértekjur skólans á hvern nemanda	74	93
Árlegur kostnaður (nettó) á hvern nemanda	1.278	1.110
Árlegur heildarkostnaður (brúttó) á hvern nemanda	1.351	1.203
Meðalárslaun starfsmanna	5.555	5.496
Hlutfall starfsmanna við kennslu með réttindi	96.7	97.5
Kostnaðarhlutfall grunnskóla af heildarútgjöldum sveitarfélags	26.9	23.9
Kostnaðarhlutfall grunnskóla m.v. skatttekjur sveitarfélags	30.1	29.2
Hlutfall nemenda m.v. íbúafjölda	13.2	14.6
Innri húsaleiga á hvern nemanda.	299	279

Samræmd próf (2009-2013)

	Landið	Akureyri
10. bekkur íslenska (5 ára meðaltöl)	30,0	29,4
10. bekkur stærðfræði (5 ára meðaltöl)	30,0	29,8
10. bekkur enska (5 ára meðaltöl)	30,0	29,6
7. bekkur íslenska (5 ára meðaltöl)	30,0	29,9
7. bekkur stærðfræði (5 ára meðaltöl)	30,0	28,7
4. bekkur íslenska (5 ára meðaltöl)	30,0	29,5
4. bekkur stærðfræði (5 ára meðaltöl)	30,0	28,0



Ljóst er af niðurstöðum samræmdra prófa að í skólum Akureyrar-bæjar má og þarf að gera betur. Það er ekki ásættanlegt að vera undir landsmeðaltali. Vinnubrögð lærdómssamfélagsins eru tæki til að gera betur og því er lögð áhersla á að innleiða þau. Þess ber þó að geta í þessu samhengi að mjög lágt hlutfall nemenda á Akureyri er í neðstu árangursþrepunum en það á einnig við um þau efstu.

Í viðhorfskönnunum meðal nemenda kemur fram að okkar börn skera sig ekki úr hvað varðar virkni, líðan eða skóla- og bekkjaranda.

Meðal foreldra eru meginniðurstöður svipaðar. Þó vikur frá í nokkrum þáttum. Virkni foreldra í heimanámi barna er marktækt minni hér en að meðaltali í könnuninni og foreldrum finnst



Öskudagur á Glerártorgi.

námsefni vera of létt. Einnig er marktækur munur á viðhorfi foreldra til eineltis í skólunum en foreldrar á Akureyri telja það vera minna en almennt gerist. Foreldrar hér eru ánægðari með vefi skólanna, þeir taka meiri þátt í gerð námsáætlaða barna sinna og hjá foreldrum kemur einnig fram að þeir telja sérstuðning meiri hér en gengur og gerist.

Meðal starfsmanna eru meginniðurstöðurnar einnig svipaðar. Þó vikur þar einnig frá í nokkrum þáttum. Ánægja kennara með starfið er eillítið minni hér en annars staðar og það sama á við um trú kennara á eigin getu. Þeir telja að minni tími fari í heimavinnu nemenda og í einstaklingsvinnu í bekk en almennt gerist. Meiri áhersla virðist vera á samstarf og samráð um kennslu en gerist annars staðar. Þá er hér meiri áhersla lögð á annað námsmat en próf.

Grunnskólarnir fengu 10 milljónir króna til tölvumála á árinu og voru þær aðallega notaðar til að endurnýja tölvuver og styrkja þráðlaus net skólanna. Flestir skólarnir hafa verið að kaupa svokallaðar multipoint lausnir sem notaðar eru í tölvuverum og stofum og eru aðallega ætlaðar nemendum. Þær byggja á því að ein öflug tölva þjóni 14 útstöðvum. Með þessu móti fengust töluvert fleiri útstöðvar en ef keyptar hefðu verið hefðbundnar tölvur.

Nú eru allir skólar komnir með þráðlaus net þar sem þeir geta verið með sérstakan aðgang fyrir nemendur og stjórnad því hvað þar er í boði. Þetta var gert til að bjóða nemendum upp á þann möguleika að koma með spjaldtölvur og snjallsíma í skólann og nýta nýja tækni í námi.

Miklar umræður urðu um árangur íslenskra unglunga þegar niðurstöður úr PISA prófunum 2012 voru birtar haustið 2013. Þar kom í ljós að árangur íslenskra unglunga stendur í stað samanborið við árangur árið 2009 eða þá að hann er mun lakari. Hér á Akureyri er árangur sambærilegur því sem hann var 2009 en þá var hann ekki eins góður og 2006. Til þess að snúa þessari þróun við samþykkti skólanefnd að óska eftir frekari greiningu á árangri

einstakra skóla á Akureyri. Niðurstöður PISA 2009 og 2012 má sjá í töflunni hér að neðan.

	2009	2012
Lesskilningur	479	475
Læsi í stærðfræði	494	493
Læsi í náttúrufræði	483	476

Tekið skal fram að hér er ekki um marktækan mun að ræða og því telst árangurinn hafa staðið í stað. Það var hins vegar athyglisvert í þessum niðurstöðum að íslenskir skólar skora einna hæst í samanburði við erlenda skóla hvað varðar tengsl nemenda við kennara, stuðning kennara við nemendur og líðan nemenda.

Vinna við innleiðingu aðalnámskrár grunnskóla var áberandi á árinu. Verkefnið er stórt og viðamikil. Það er unnið í samstarfi við Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Fulltrúar skólanna hittast mánaðarlega og í hverjum skóla er starfandi framkvæmdaráð sem hefur umsjón með verkefninu. Ráðgert er að allir grunnskólar verði búnir að endurskoða skólanámskrár haustið 2014.

Styrkir fengust úr Sprotasjóði grunnskólanna til fjögurra verkefna, þ.e. fyrir rafrænt nám í Brekkuskóla 1.000.000 kr., uppbyggingu jafnréttis/innleiðingar jafnréttisstöðarinnar í Giljaskóla sem var unnið í samstarfi við Jafnréttisstofu 400.000 kr., „Flugið“ – þróun innra mats á námi í Hlíðarskóla 500.000 kr. og innleiðingu nýrrar aðalnámskrár, mótun og gerð skólanámskrár hjá skóladeild Akureyrarbæjar ásamt öllum grunnskólunum 1.500.000 kr.

Kennsluráðgjöf skóladeildar vegna nemenda með íslensku sem annað mál

Samkvæmt ákvörðun skólanefndar var móttökudeild Oddeyrarskóla lögð niður vorið 2012 og ákveðið að nemendur með íslensku sem annað mál ættu skólasókn í sínum hverfisskólum. Í framhaldinu var starf kennsluráðgjafa auglýst og ráðið í það frá 16. ágúst 2012.

Við tók að móta nýtt starf í þágu nemenda, foreldra og starfsfólks skóla. Í upphaflegum drögum að starfslýsingu segir að kennsluráðgjafi taki þátt í móttökuvíðtölum og aðstoði kennara og stjórnendur við að skipuleggja nám og kennslu þeirra nemenda sem þurfa sérstaka aðstoð við íslensku. Kennsluráðgjafi vinnur að aðlögun námsefnis, námsmati, upplýsingagjöf til foreldra, sér um þýðingar á nauðsynlegum upplýsingum, er í sambandi við túlka, útvegar námsefni á móðurmáli nemenda eftir föngum og styður nemendur og kennara í vinnu þeirra í skólunum. Foreldrar geta einnig leitað beint til kennsluráðgjafa, t.d. til að fá upplýsingar um þá fristundastarfsemi sem er í boði eða ef þeir óska eftir frekari útskýringum eða leiðbeiningum um hvaðeina sem snýr að skólagöngu barns.

Eitt af fyrstu verkefnum kennsluráðgjafa var að byggja upp rafrænan gagnabanka og að safna ýmsum fróðleik og verkefnum fyrir kennara á heimasíðuna www.akmennt.is/erlendir. Til þess að halda tengslum við allt starfsfólk skólanna og minna á þjónustu við erlenda nemendur sendir kennsluráðgjafi einnig út rafrænt fréttabréf til alls starfsfólks leik- og grunnskóla mánaðarlega.

Einn þeirra þátta sem var ómótaður í upphafi var þátttaka kennsluráðgjafa í daglegu námi og kennslu nemenda. Þegar litið er yfir þennan fyrsta vetur má ætla að bein kennsla hafi verið um 13 kennlustundir á viku, meiri eða minni eftir því hvernig verkefnið lágu; frá 9 tímum og upp í 18 tíma. Með slíkri þátttöku kennsluráðgjafa er reynt að efla sérstaklega stuðning við nemendur sem koma hingað án nokkurrar kunnáttu í íslensku fyrstu mánuði þeirra í skólanum. Þannig verða einnig til nokkurs konar „færanlegar“ kennslustundir sem hægt er að nýta í þeim skólum þar sem þörfin er mest hverju sinni.

Starf kennsluráðgjafa er enn í mótun en það er ljóst að verkefnið eru næg. Ávallt þarf að vera hægt að taka vel á móti erlendum nemendum í alla grunnskóla bæjarins. Sú aðferðafræði sem notuð er í námi þeirra og kennslu hentar ekki síður öðrum nemendum, t.d.

þeim sem eiga í einhverjum erfiðleikum í námi. Því er vonast til að sá gagnabanki, sem verið er að byggja upp með þessu nýja starfi, nýtist sem flestum kennurum og nemendum þeirra.

PMT/SMT/PMTO-þjónusta hjá Akureyrarbæ

Akureyrarbær býður foreldrum barna með hegðunarfrávik upp á PMTO foreldrameðferð (Parent Management Training - Oregon aðferðin) sem byggir á raunprófuðum aðferðum þar sem foreldrum eru kenndar leiðir og aðferðir styðjandi foreldrafærni. Á árinu voru samtals sjö fjölskyldur í PMTO meðferðinni.

Haldin voru tvö foreldranámskeið á árinu, annars vegar PMTO-foreldranámskeið sem ætlað er að fyrirbyggja alvarlega hegðunarerfiðleika og taka á vægari hegðunarvanda og luku því 12 foreldrar átta barna og er þetta 18. námskeiðið sem haldið er. Hins vegar var í fyrsta sinn boðið upp á PTC-foreldranámskeið sem er meðferðarnámskeið fyrir hópa og nær yfir lengri tíma eða 14 vikur og sátu það námskeið 14 foreldrar níu barna.

Samningur við Barnaverndarstofu um að halda áfram þróunarverkefninu PMTO-meðferð fyrir foreldra unglunga var framlengdur um eitt ár. Tíu fjölskyldur voru í unglungameðferðinni á árinu 2013.

Sex leikskólar og þrír grunnskólar vinna eftir leiðum SMT-styðjandi skólafærni sem byggir á hliðstæðri hugmyndafræði og PMTO. Þar er lögð áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr hegðunarvanda með því m.a. að kenna og þjálfá félagsfærni, hvetja til æskilegrar hegðunar og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun. Þrír leikskólar hlutu SMT-sjálfstæðisviðurkenningu á árinu, Hulduheimar/Kot, Lundarsel og Sunnuból, og luku þar með formlegri innleiðslu á SMT. Síðuskóli hlaut einnig SMT-sjálfstæðisviðurkenningu á árinu.

Tónlistarskólinn á Akureyri

Síðari hluti starfsársins 2012-2013 var með kraftmeira móti í Tónlistarskólanum á Akureyri. Meðal stærri verkefna á árinu má nefna samstarf við Sinfóníuhljómsveit Norðurlands á fernum tónleikum. Hæst bar þó samstarfsverkefni Tónlistarskólans á Akureyri, Söngskóla Sigurðar Demetz og S.N. þar sem fluttar voru heilar óperur í Hamraborg í fyrsta sinn en nemendur TA sáu um kórsöng í óperum Bellinis, La Sonnambula og I Puritani. Meðal annarra verkefna má nefna Magnúsartónleika Ritmísku deildarinnar á Græna Hattinum, masterklassa með Birni Thoroddsen, Hilmarí Jenssyni og Sigurði Flosasyni auk árlegrar Píanóhelgar þar sem nemendur nutu leiðsagnar Halldórs Haraldssonar og Peter Maté.

Dagur tónlistarskólanna var haldinn hátíðlegur í febrúar og komu um 1.000 manns í Hof þann dag á 8 mismunandi viðburði. Á deginum var margt á boðstólum fyrir alla fjölskylduna, m.a. ratleikur fyrir yngstu kynslóðina og hljóðfærakynning í Hamraborg auk úrvals af tónleikum úr öllum deildum. Tónlistarskólinn á Akureyri tók einnig þátt í uppskeruhátíð tónlistarskóla, „Nótunni“, í febrúar. Á svæðisbundnu hátíðinni fyrir Norðausturland á Egilsstöðum hlaut skólinn tvær viðurkenningar og lék Hljómsveit Risto Laur því í Eldborg Hörpu á lokahátíðinni auk útskriftarnemans Sigurðisar Söndru Tryggvadóttur sem kom þar fram ásamt Dimitriosar Theodoropoulosar.

Söngdeild skólans hélt árlegt vorblót sitt við mikinn fögnuð rúmlega 350 tónleikagesta í Hamraborg Hofs í maí. Sýningin kallaðist Blindfullar brúðarmeyjar og óforsvaranlegir svaramenn og var sjálfstætt framhald sýningarinnar Örvæntingafullar eiginkonur og eigingjarnir eiginmenn sem sett var upp árið á undan. Höfundur og leikstjóri sýningarinnar var Ívar Helgason.

Þar að auki sóttu um 5.000 manns aðra nemendatónleika á árinu en meðal annarra stórra verkefna má nefna Hljómsveitarjólátónleika í Hamraborg, samstarf þriggja landa á Hljómsveitartónleikum í september, söngleikinn „The commitments“ sem ritmísku deildin setti upp við góðar undirtektir, masterclass með Trio Krakowia, Sunnu Gunnlaugsdóttur og Sigurði Flosasyni auk árlegrar píanóhelgar. Nokkrir nemendur skólans léku á aðventutónleikum Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands sem

flutti ballettinn Hnotubrjótinn í samstarfi við Point Dansstúdíó. Deildirnar héldu svo að sjálfsögðu sína hefðbundnu jóla- og vortónleika ásamt tónleikum útskriftarnema.

Áður en nýtt starfsár hófst héldu nokkrir hressir tónlistar-, dans- og leiklistarkrakkar til Noregs. Ferðin var hluti af þriggja þjóða samstarfi en skólinn tók á móti nemendum frá Danmörku og Noregi vorið 2013 sem unnu með íslensku nemendum að verkefni sem spannst í kringum skapanormirnar Urði, Verðandi og Skuld. Afrakstur samstarfsins var síðan fluttur í Noregi í byrjun ágúst þar sem nemendur skólans léku, sungu og dönsuðu. Í upphafi starfsárs héldu strengjasveitir skólans til Póllands og tókst ferðin vel í alla staði. Blásarasveitir skólans héldu á sama tíma í viðburðaríka



Retro Stefson á Akureyrarvöku.

ferð til Spánar. Í september var síðan komið að því að taka á móti strengjasveitum frá Póllandi og Berlín sem héldu glæsilega tónleika með íslensku krökkunum í Hamraborg Hofs þann 7. september og léku síðan saman á kammertónleikum og masterklassa.

Nemendur voru 423 í skólabyrjun 2013, 380 á áfangabraut og 43 í forskóla. Alls bárust um 500 umsóknir og lentu 80 nemendur á biðlista. Hefðbundið skólastarf fór vel af stað á árinu með tónleikum og skólasetningu í þéttsetinni Hamraborg þann 2. september.

Haustið 2013 var farið af stað með nýtt námsmat sem byggist að mestu leyti á auknum samskiptum heimilis og skóla og minna vægi prófa í námsmati. Lögð er áhersla á markmiðssamninga, símat, sjálfsmat, leiðsagnarmat og valbundið lokanámsmat og vonast starfsmenn skólans til þess að hið nýja fyrirkomulag komi til með að tryggja enn betri nýtingu fjármuna og auka enn frekar námsárangur og vellíðan nemenda. Námsmatið var þróað í samstarfi kennara, fagráðs, notendaráðs og nemendafélags skólans.

Tónleikagestir á árinu voru margfalt fleiri en árið á undan og voru tónleikar í kringum 80. Meðal samstarfsaðila má nefna Gleráirkirkju, Glerártorg, 1862 Bistro, Hlíð, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands, Skátana og marga fleiri. Blásarasveit skólans lék að venju við tendrun jólaljósa á Ráðhústorgi, á 17. júní og sjómanna daginn. Áfangapróf voru 73 á árinu og léku útskriftarnemar að venju fyrir fulla Hamraborg á skólaslitum.

Útgáfumál

Skóldaeld heldur úti vefsíðu www.akureyri.is/skoladeild, þar sem finna má allar helstu upplýsingar um það sem er að gerast í skólamállum hjá Akureyrarbæ og allt sem gefið hefur verið út af skýrslum og öðru tengdu efni. Þá gefur skóldaeld út rafræna ritið Skóla-akur sem kemur út annan hvern fimmtudag september til maí ár hvert.




Starfsmannaþjónusta

Starfsmannaþjónusta Akureyrarbæjar annast launaútreikninga fyrir starfsmenn Akureyrarbæjar, bæjarfulltrúa og nefndarmenn ásamt ráðgjöf til stjórnenda og starfsmanna sveitarfélagsins um kjör og réttindi, mannauðsmál og ráðningar starfsmanna. Einnig hefur deildin umsjón með framkvæmd mannaústsstefnu Akureyrarbæjar, vinnslu tölulegra gagna, eftirliti með framkvæmd kjarasamninga, auglýsingu starfa ásamt umsjón með fræðslumálum starfsmanna.

Árið 2013 voru greidd laun til 3.436 launþega hjá Akureyrarbæ. Ársverk voru samtals 1.547, þar af voru karlar í 429 ársverkum (28%) og konur í 1.118 (72%). Samtals voru greidd laun 7.483 milljónir á árinu.

Boðið var upp á sumarvinnu fyrir unglinga árið 2013 eins og undanfarin ár. Unglingum á aldrinum 14-15 ára bauðst vinna í vinnuskóla 3 klukkustundir á dag í 6 vikur, samtals 72 klukkustundir. Unglingar sem urðu 16 ára á árinu gátu fengið 6 stunda vinnu á dag í 6 vikur, samtals 144 klukkustundir. Alls þáðu 482 unglingar á aldrinum 14-16 ára boð um þátttöku í vinnuskólanum sumarið 2013. Á meðfylgjandi mynd sést að talsvert fleiri strákar voru í vinnuskólanum en stelpur.

Vinnuskóli sumar 2013



Ungu skólafólki á aldrinum 17-25 ára með lögheimili á Akureyri var gefinn kostur á að sækja um sumarstarf hjá Akureyrarbæ í 5 vikur í 7 tíma á dag, samtals 175 vinnustundir. Allir sem sóttu um fengu boð um starf.


Akureyrarbær tók einnig þátt í átaki Vinnuálastofnunar og velferðarráðuneytisins um að fjölga störfum fyrir námsmenn. Akureyrarbær fékk að þessu sinni úthlutað heimild til að ráða 20 námsmenn í 2 mánuði hvern og voru sjö ráðnir til starfa hjá Akureyrarbæ en 13 heimildum var ráðstafað til æskulýðsfélaga í bænum.

Akureyrarbær tók á árinu 2013 þátt í verkefni velferðarráðuneytisins „Liðsstyrk“ en hlutverk þess var að virkja atvinnuleitendur í sveitarfélaginu sem fullnýttu rétt sinn innan atvinnuleysisstryggingakerfisins á tímabilinu 1. september 2012–31. desember 2013 til þátttöku á vinnumarkaði. Akureyrarbær fékk heimild til að ráða 19 atvinnuleitendur til starfa en því miður tókst ekki að manna öll störf sem í boði voru.


Starfsauglýsingar og umsóknir

Akureyrarbær setti ítarlegar verklagsreglur um auglýsingar starfa og tímabundnar ráðningar í upphafi árs 2011 og hafa reglurnar síðan verið endurskoðaðar í tvígang. Ýmsar breytingar hafa einnig verið gerðar á ákvæðum kjarasamninga sveitarfélaga varðandi auglýsingar starfa. Áhrif þessa eru þau að birtum auglýsingum hefur fjölgað umtalsvert á allra síðustu árum án þess þó að sambærileg aukning hafi orðið í ráðningum.

Fjöldi umsókna 2013



Starfsauglýsingar- samanburður milli ára



Mannauðskerfi, gæðahandbók og viðverukerfi

Helsta verkfæri starfsmannaþjónustunnar er SAP mannaúðskerfið en það samanstendur af nokkrum kerfum: launakerfi, ráðningarkerfi, námskeiðskerfi, skrifborði stjórnandans, skjalaskáp og starfsmanna- og íbúavefnum www.eg.akureyri.is. Mannauðskerfið er nýtt til þess að viðhalda og vinna á skipulegan máta með upplýsingar um starfsfólk bæjarins og eykur þannig yfirsýn stjórnenda. Kerfið nýtist einnig sem tæki til utanumhalds um starfsþróun starfsfólks, s.s. með skipulagningu á símenntun og starfsmannasamtölum.

Uppsetning og vinna við gæðahandbók fyrir deildina hélt áfram á árinu 2013. Markmiðið með gæðahandbókinni er að samræma vinnubrögð með skrásetningu vinnuferla og leiðbeininga. Gæðahandbókin er í sífelldri þróun og endurskoðun á deildinni og árangur þessarar vinnu hefur sýnt sig í samræmdari og markvissari vinnubrögðum starfsmanna.

Ákveðið var á haustmánuðum að taka upp rafræna viðveruskráningu á öllum stofnum bæjarins. Í framhaldi af því var samið við Advania um kaup á viðveruskráningarkerfinu Vinnustund sem heldur rafrænt utan um viðveru, yfirvinnu, vaktaskráningar og annað sem tengist fjarveru. Með þessari ákvörðun var einnig ákveðið að allar stofnanir bæjarins tækju upp sama kerfið hvort heldur sem er fyrir viðveruskráningu og/ eða vaktaskráningu. Þar af leiðandi verða þau kerfi sem eru í notkun núna, Bakvörður, TimeCare og MyTimePlan, lögð af í áföngum. Fyrstu starfsmennirnir hófu notkun á kerfinu í nóvember en unnið verður að innleiðingu kerfisins í áföngum.

Starfsmannaþjónustan heldur úti nokkrum upplýsingamiðlum fyrir starfsfólk bæjarins. Starfsmannahandbók er aðgengileg á vefnum (www.akureyri.is/starfsmannahandbok) og þar er hægt að nálgast á einum stað upplýsingar um flest það sem lýtur að vinnustaðnum, kjaramálum, réttindum, skyldum o.fl. Á forsiðu handbókarinnar eru reglulega birtar fréttir er varða starfsfólk Akureyrarbæjar.

Stjórnendahandbók er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar (www.akureyri.is/stjornendahandbok). Handbókin er upplýsingaveita til stjórnenda um ýmis málefni. Á árinu 2013 var stjórnendahandbókin tekin til gagngerrar endurskoðunar og aðgangi að henni læst. Handbókin er því aðeins opin stjórnendum bæjarins.

Starfsmannavefurinn www.eg.akureyri.is veitir starfsfólki aðgang að einstaklingsbundnum upplýsingum sem skráðar eru í SAP mannaúðskerfið. Þar getur starfsfólk m.a. skoðað launaseðla sína, fengið upplýsingar um stöðu orlofs og fjölda skráðra veikindadaga, séð starfsmannalista fyrir alla vinnustaði á vegum Akureyrarbæjar, afmælisbörn dagsins og lista yfir nýtt starfsfólk hjá Akureyrarbæ er einnig að finna á vefnum. Auk þessa getur starfsfólk skoðað reikninga sem gefnir eru út af Akureyrarbæ, s.s. leikskólajöld og fasteignajöld. Á árinu 2013 voru launamiðar í fyrsta skipti birtir á starfsmannavefnum og ekki sendir heim í með pósti eins og tíðkast hafði um árabíl. Í lok árs 2013 fór fram uppfærsla á starfsmannavefnum í samvinnu við Applicon.

Fréttabréf starfsfólks Akureyrarbæjar, Innanbæjarkrónikan, var gefin út 5 sinnum árið 2013. Fréttabréfinu var dreift á





Góður dagur í Hlíðarfjalli.

kaffistofur stofnana bæjarins auk þess sem hún er aðgengileg í starfsmannahandbókinni á vef Akureyrarbæjar. Markmiðið með Innanbæjarkrónikunni er að upplýsa starfsfólk um hin ýmsu málefni ásamt því að kynna fyrir starfsfólki ólíka starfsemi sveitarfélagsins.

Starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun um heilsu, líðan og starfstengd viðhorf var lögð fyrir starfsmenn Akureyrarbæjar í þriðja skiptið vorið 2013 en áður var könnunin lögð fyrir veturna 2010 og 2011. Niðurstöður voru kynntar fyrir stjórnendum deilda og stofnana bæjarins á sérstökum fundi þann 11. september. Könnunin er liður í doktorsverkefni Hjördísar Sigursteinsdóttur í félagsfræði við Háskóla Íslands. Könnunin náði til allra starfsmanna Akureyrarbæjar í meira en 30% starfi og alls svaraði 1.031 starfsmaður. Svarhlutfallið var gott eða 63,8% og niðurstöðurnar gefa þar af leiðandi nokkuð góða vísbendingu um hvernig starfsfólki bæjarins líður í starfi. Skýrslu um könnunina má finna á starfsmannahandbókinni á vef Akureyrarbæjar.

Niðurstöður könnunarinnar, eru þegar á heildina er lítið, góðar og virðist starfsfólk Akureyrarbæjar almennt ánægt í starfi. Niðurstöður gefa til kynna að 81,8% starfsmanna séu mjög eða frekar sammála fullyrðingunni „Þegar á heildina er lítið er ég ánægð(ur) í starfi mínu“. Auk þess telur meirihluti starfsmanna eða 77,1% góðan starfsanda ríkja á vinnustaðnum fremur oft, mjög oft eða alltaf.

Í kjölfar kynningarfundar í september var stofnaður starfshópur sem rýndi í niðurstöður könnunarinnar og skilaði tillögum um aðgerðir til bæjarstjóra í lok nóvember.

Launakönnun

Í febrúarmánuði var kynnt úttekt sem Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) gerði á launakjörum starfsfólks Akureyrarbæjar árið 2012 og var rannsókninni sérstaklega ætlað að varpa ljósi á hugsanlegan kynbundinn launamun meðal starfsmanna bæjarins.

Helstu niðurstöður eru að óútskýrður launamunur karla og kvenna var 3,9% í heildarlaunum starfsfólks í fullu starfi þegar búið var að taka tillit til menntunar, starfs, deildar, aldurs, starfsaldurs og vinnutíma. Óútskýrður launamunur karla og kvenna, körlum í vil, var 1,5% í dagvinnulaunum uppreiknuðum miðað við fulla stöðu þegar búið var að taka tillit til menntunarálags, starfs, deildar, aldurs, starfsaldurs og vinnutíma.

Í úttekt sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði árið 1998 á launum starfsfólks Akureyrarbæjar kom í ljós að þegar búið var að taka tillit til menntunar, starfs, deildar, aldurs,

starfsaldurs og vinnutíma voru heildarlaun kvenna 8% lægri en heildarlaun karla. Þessi munur var kominn niður í 2-3% árið 2007 en hefur nú hækkað lítillega aftur og er 3,9% í þessari nýju rannsókn RHA.

Hvað dagvinnulaunin varðar þá kom í ljós í úttektinni árið 2007 að þegar búið var að taka tillit til áhrifaþátta voru dagvinnulaun kvenna 1,0% hærri en dagvinnulaun karla. Nú hefur þetta snúist við og hafa konur nú 1,5% lægri dagvinnulaun en karlar að teknu tilliti til áhrifaþátta.

Velferðarstefna gagnvart starfsfólki

Þann 5. nóvember samþykkti bæjarstjórn velferðarstefnu gagnvart starfsfólki. Markmiðið með stefnunni er m.a. að stuðla að vellíðan og umhyggju fyrir starfsfólki, standa vörð um heilsu starfsmanna og tryggja að aðstæður í vinnu og vinnuumhverfi séu heilsusamlegar. Einnig er það markmið stefnunnar að draga úr fjarveru starfsmanna og um leið þjónustuskerðingu, kostnaði við afleysingar og álagi sem fjarvera starfsmanna veldur öðrum starfsmönnum á vinnustaðum Akureyrarbæjar.

Í stefnunni er kveðið á um mikilvægi þess að starfsfólk og vinnustaðir vinni að góðum starfsanda og heilsuefingu. Lagt er til að stofnað verði Heilsuráð Akureyrarbæjar sem hafi m.a. það hlutverk að hvetja starfsfólk til heilbrigðs lífnis, veita vinnustaðum ráðgjöf og standa fyrir fyrirlestrum um heilsuefingu og hefur Heilsuráðið nú þegar verið skipað. Í stefnunni er einnig mælt til þess að á vinnustaðum Akureyrarbæjar verði stofnaðar heilsuefingarnefndir sem hafi það hlutverk að stuðla að heilsuefingu og góðu vinnuumhverfi auk þess að vera tengiliðir við Heilsuráðið.

Stefnan leggur til úrræði vegna fjarveru starfsmanna, þá m. svokölluð fjarverusamtöl þar sem stjórnendur boða þá starfsmenn, sem eru oft, lengi eða reglulega frá vinnu, í fjarverusamtal. Slíkt samtal er boðað þegar starfsmaður hefur verið veikur/fjarverandi í 10 daga eða fleiri á sex mánaða tímabili eða fjögur skipti á sex mánaða tímabili. Markmið samtalsins er m.a. að finna leiðir til að aðstoða viðkomandi við að halda fullri starfsgetu. Starfsmanni ber ekki skylda til að gefa upplýsingar um persónuleg eða heilsutengd mál í samtali við yfirmann. Sjúkdómar eru einkamál en fjarveran hefur áhrif á vinnustaðinn og hana þarf að ræða.

Einnig er í stefnunni fjallað um tilkynningar og skráningu á fjarveru starfsmanna frá vinnustað og skilgreiningu á fjarveru annarri en vegna veikinda. Framundan er vinna á öllum deildum Akureyrarbæjar við að innleiða stefnuna.

Fræðslumál starfsmanna

Símenntun starfsmanna Akureyrarbæjar fer að stærstum hluta





Blómahaf á Ráðhústorgi.

fram á hverjum vinnustað. Sameiginleg fræðsla fyrir starfsfólk Akureyrarbæjar hefur þó aukist undanfarin ár. Reglulega eru t.a.m. haldin nýliðanámskeið og þjónustunámskeið.

Í mars var haldið námskeið sem hafði það markmið að leiðbeina starfsfólki við að undirbúa starfslok sín vegna aldurs. Námskeiðið var haldið í samstarfi við Sjúkrahúsið á Akureyri og Norðurorku og alls sóttu námskeiðið um 80 manns frá þessum vinnuveitendum. Námskeiðið stóð yfir þrjú eftirmiddaga. Dagskráin var afar fjölbreytt þar sem fjallað var um leiðir til að aðlagja sig breyttu lífsmynstri og stuðla að innihaldsríku lífi að starfi loknu. Fjallað var um lífeyris- og tryggingamál og ýmsa þjónustu og félagsstarfsemi sem eldra fólk stendur til boða á vegum Akureyrarbæjar og annarra. Auk þess var fjallað um heilsufar, forvarnir og andlegar og félagslegar hliðar þess að hætta að vinna.

Frá ágúst 2013 hefur vinnustöðum Akureyrarbæjar staðið til boða námskeið þar sem fjallað er um líðan starfsfólks á vinnustað. Markmið námskeiðanna er að fjalla um og ræða vellíðan á vinnustað, samskipti, virðingu og umburðarlyndi. Leiðbeinendur á námskeiðunum eru starfsmenn Akureyrarbæjar sem fengið hafa þjálfun í aðferðum sem virkja þátttakendur til að ræða mál, forgangsraða og taka afstöðu. Leiðbeinendur eru í teymi svokallaðra innanhússfræðara og eru alls 13 talsins. Skipað var í hópinum með því að óska eftir tilnefningum frá deildum um starfsfólk sem gæti tekið að sér verkefnið. Frá því í ágúst til ársloka 2013 voru haldin yfir 30 námskeið á vinnustöðum bæjarins við góðar undirtektir.

Stjórnendur Akureyrarbæjar hafa í auknum mæli sótt um styrki í fræðslusjóðina Sveitamennt og Mannauðssjóð Kjalar til þess að sinna endurmenntunarbörfum starfsmanna sinna. Auk margra minni verkefna hafa fræðslusjóðirnir styrkt stór verkefni þar sem fræðsluþarfir eru greindar og fræðsluáætlun útbúin. Árið 2013 fór fram fræðslustarfsemi á búsetudeild, hjá grunnskólunum, framkvæmdadeild, Amtsbókasafninu og Öldrunarheimilum Akureyrarbæjar í samstarfi við Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar.

Hjá Akureyrarbæ starfa yfir 80 stjórnendur og skipuleggur starfsmannþjónustan stjórnendafræðslu fyrir þennan hóp. Árið 2013 var sett upp fræðsla í samræmi við Símenntunaráætlun sem unnin var í samvinnu við Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar. Markmið stjórnendafræðslunnar er að styrkja stjórnendur í starfi og mikil áhersla er lögð á að bjóða upp á fræðslu er varðar starfsmannamál ásamt kennslu á þau kerfi sem stjórnendur þurfa að nota, s.s. SAP og skjalakerfið

OneSystems. Fræðsludagatal stjórnendafræðslunnar er að finna í starfsmannahandbók á vef Akureyrarbæjar. Auk ýmissa námskeiða voru tveir starfsdagar stjórnenda haldnir á árinu þar sem stjórnendur komu saman til að ræða fyrirbyggjandi verkefni stjórnenda og fengu fræðslu um sameiginleg málefni.

Öldrunarheimili Akureyrarbæjar

Á árinu 2013 var samhliða reglulegri starfsemi Öldrunarheimila Akureyrarbæjar unnið að allmörgum sérverkefnum og þróunarverkefnum.

Í raun má flokka hluta af sérgreindum verkefnum ársins í þrjú meginþætti, þ.e. mál sem tengjast jafnrétti, stefnumótun og rannsókn. Undir jafnrétti flokkast verkefni eins og úttekt á kynjasamþættingu í félagsstarfi í Hlíð, átak um að auglýsa sérstaklega eftir körlum til starfa við umönnun og verkefnið „velferð og tækni á ÖA“.

Annar þáttur sérverkefna ársins varðar stefnumótun ÖA og eftirfylgd hennar. Samhliða starfi vinnuhóps að innleiðingu Eden-hugmyndafræðinnar var sett fram stefnumörkun og skorkort fyrir ÖA, sótt var um alþjóðlega viðurkenningu sem Eden-heimili og tekin ákvörðun um að taka upp rafræna sjúkraskráningarkerfið Sögu.

Þriðji flokkur verkefna ársins 2013 voru rannsóknir og fræðastörf. Fjórar kannanir voru gerðar á árinu. Sú fyrsta þar sem til skoðunar var líðan og viðhorf starfsmanna til starfsins sem var endurtekning á fyrri könnun frá 2011 á vegum Akureyrarbæjar. Önnur athuginin tengdist Markvissverkefninu um fræðslustarf og var mat á því ásamt könnun á fræðsluþörfum. Þriðja könnunin var vegna umsóknar um Eden-viðurkenninguna en þar var gert úrtak úr hópi íbúa, aðstandenda og starfsfólks sem síðan svaraði stöðluðum spurningalista Eden Alternative um viðhorf og reynslu sína af hlýleika þjónustunnar. Fjórða athuginin varðaði stöðu og líðan dagþjónustugesta í Hlíð og Víðilundi. Tilheyrandi þessum verkefnum voru kynningar og birting á niðurstöðum sem m.a. er að finna á heimasíðu ÖA.

Þæði regluleg starfsemi ÖA sem og breytingar og þróun grundvallast á starfsfólki heimilanna og viðhorfum þeirra. Eins og undangengin ár hefur starfsfólk lagt sig mjög fram við að veita góða og einstaklingsmiðaða þjónustu, samhliða því að takast á við nýjar áskoranir og gæta aðhalds í rekstrinum.

Reksturinn

Rekstur ÖA kostaði 1,9 milljarða króna á árinu 2013. Af þeirri upphæð fóru um 1,4 milljarðar króna (73%) í laun og launatengd gjöld. Annar kostnaður var því um 500 milljónir en af þeirri fjárhæð greiddi ÖA um 211 milljónir í leigu af mannvirkjum og búnaði. Tekjur ÖA í formi daggjalda frá Tryggingastofnun ríkisins ásamt greiðslum íbúa, voru rúmlega 1,5 milljarðar króna og tekjur frá TR vegna húsnæðisgjalds voru um 76 milljónir kr. Þegar litið er til tekna af starfsemi er hlutfall launakostnaðar um 87%. Eins og undangengin ár var leitað allra leiða til sparnaðar í rekstri með miklu aðhaldi í yfirvinnu. Á ÖA voru í starfi alls um 420 starfsmenn í 210 ársverkum, 387 konur og 33 karlar.

Rýmin og nýting

Í árslok voru á ÖA 186 leyfð rými, 168 hjúkrunarrými og 18 dvalarheimilissými. Af 168 hjúkrunarrýmum eru í árslok 17 rými til skammtímadvalar. Að auki eru 19 leyfi fyrir dagdeildarrýmum en 14 þeirra eru „sértæk rými“ og eitt er rekið fyrir Eyjafjarðarsveit.

Alls nýttu um 440 einstaklingar hjúkrunar- og dvalarþjónustu öldrunarheimilanna og þar af 130 einstaklingar sem nýttu sér hvíldar- og skammtímavistun og 60 einstaklingar nýttu dagþjónustuna. Full nýting rýma var í hjúkrunar- og dvalarrýmum og 99% í dagþjónustu.

Nýir íbúar sem fluttu inn í föst rými voru 61. Meðalaldur einstaklinga í hjúkrun var 86,1 ár og 85,3 ár í dvalarrýmum árið 2013. Konur voru um 60% notendahópsins en karlar um 40% og hefur hlutdeild karla hækkað lítillega milli ára.

Þróunar- og fræðsluverkefni

Velferðarsjóður Samherja hf. veitti í upphafi ársins myndarlegan styrk til verkefnisins „velferð og tækni á ÖA“. Það fólst í að setja upp þráðlaust net á hluta heimila og kaupa tölvubúnað og spjaldtölvur til að auka aðgengi íbúa og aðstandenda að nútímataekni í því skyni að auka samskipti og lífsgæði. Með verkefninu tókst að bæta aðgengi á tveimur heimilum þar sem búa um 75 íbúar. Þá var einnig sett upp þráðlaust net í sameiginlegu rými og undirbúningur hafinn að næstu öföngum. Áætlað er að í árslok 2014 hafi allir íbúar og gestir möguleika til að nýta sér aðgengi að þráðlausu neti og hafi aðgang að tölvum á viðkomandi heimili. Samhliða hefur verið lögð áhersla á aukna upplýsingamiðlun á heimasíðu, Fésbókarsíðu og upplýsingaskjám innan ÖA.

Frá því 2008 hafa ÖA unnið eftir Eden-hugmyndafræðinni. Í upphafi árs 2013 var ákveðið að stíga skrefið til fulls og sækja um alþjóðaviðurkenningu sem Eden-heimili. Umsóknin felur í sér allnokkurt umsóknarferli þar sem gerð er fyrirfram skilgreind úttekt á starfsemi heimilanna. Í viðurkenningu felst ákveðinn gæðastimpill á stöðu og starfsemi heimilanna sem jafnframt þarf að endurnýja á tveggja ára fresti. Hluti af úttektinni er einnig að leggja fyrir svokallaða hlýleikakönnun meðal íbúa, gesta í dagþjónustu og hvíldarinnlögn, aðstandenda og starfsmanna. Könnuninni er ætlað að gefa raunsanna mynd af þeirri menningu og andrúmslofti sem ríkir á heimilinu.

Í október 2012 var stofnað notendaráð ÖA en markmið þess er að stuðla að aukinni þátttöku og auknum áhrifum íbúa og aðstandenda í starfsemi ÖA. Tilgangur notendaráðs er að fjalla um hagsmunamál íbúa og aðstandenda og vera samráðsvettvangur þeirra og stjórnenda við ÖA. Í því skyni er á fundum ráðsins miðlað upplýsingum um þróun þjónustunnar og stefnu á hverjum tíma. Notendaráð fundar að jafnaði mánaðarlega og er eðlileg viðbót við aðstandendafélagið og í því að efla þátttöku íbúa og virkni samkvæmt Eden-hugmyndafræðinni.

Í samstarfi við starfsendurhæfingarsjóðinn Virk er unnið að þriggja ára verkefni um forvarnir og endurkomu starfsfólks til

vinnu eftir veikindi eða slys. Markmiðið er að veita stjórnendum og starfsmönnum fræðslu og ráðgjöf við að móta og innleiða stefnu um velferð, fjarvistir og endurkomu til vinnu. Lögð er áhersla á jákvæða og heilsusamlega nálgun þar sem unnin er þarfagreining á vinnustaðnum og hún síðan útfærð í stefnu. Ný fjarverustefna tók gildi 1. janúar 2013. Á vormánuðum 2013 var fræðsla um heilsueflingu á vinnustað og á haustmánuðum um samþættingu vinnu og fjölskyldulífs.

Fjölbreytt fræðsla var á vegum ÖA á árinu undir merkjum „Markviss“ í samstarfi við Símei. Fræðsluáætlun, sem byggð var á þarfagreiningu, var keyrð bæði vor og haust og komu fyrirlesarar úr ýmsum áttum. Öll fræðslan var opin starfsfólki, íbúum og aðstandendum. Alls mætti 271 starfsmaður á 24 viðburði þar sem hver viðburður stóð frá 1 klst. til þriggja daga námskeiðs. Alls komu 1.034 manns til fræðslu, þar af 923 starfsmenn, 45 íbúar og 66 gestir.

Hluti af fræðslumálum ÖA eru samstarfsverkefni við innlenda framhaldsskóla og háskóla. Um er að ræða starfsþjálfun hjúkrunarnema, sjúkraliðanema og annarra nema. Frá Finnlandi komu tveir sjúkraliðanemar og frá Danmörku komu fjórir nemar og voru hér í fjórar vikur í starfsnámi. Frá Svíþjóð komu tveir hjúkrunarnemar og voru í fjórar vikur. Þá komu félagsliðanemi frá Borgarholtsskóla, félagsráðgjafanemi frá HÍ og iðjuþjálfanemi frá HA í starfsnám á árinu.

Þrisvar á ári er gert RAI-mat (raunverulegur aðbúnaður íbúa). Í matinu koma fram gæðavísar sem stuðst er við þegar horft er til breytinga á heilsufari og aðbúnaði íbúa. Samanburðarathugun á RAI-mati fyrir árin 2009 til 2013 sýnir að á 12 af 22 gæðavísam hefur verið viðvarandi jákvæð þróun. Um er að ræða m.a. fækkun legusára, færri sem nota gedlyf, róandi lyf og svefnlyf, færri þurfa eitthvert form fjöttra og dregið hefur úr þvag- og hægðaleka, færri eru greindir með þunglyndiseinkenni og litla eða enga virkni. Aukning er á fjölda þeirra sem nota 9 lyf eða fleiri. Á árinu var unnið að bættri hjúkrunarskráningu og undirbúin innleiðing rafrænnar sjúkaskrár. Gæðahandbók var opnuð í lok árs og verður unnið að frekari útfærslu og notkun hennar á næsta ári og árum.

Eins og undangengin ár var félagsstarfið fjölbreytt á árinu 2013. Að venju var í boði ýmiss konar handverk, upplestrar, spurningahópar, leikfimi, spilavist, bingó, keila, söngstundir og skemmtanir tengdar árstíðum, s.s. kvennahlaup, ferðalög og kráarkvöld. Árlag handverkssýning var 12.-13. maí og má ætla að um 350 manns hafi komið og skoðað sýninguna. Í október 2013 var og Markaðstorg, það sóttu tæplega 400 manns. Starfsemi „Smíðjunnar“ var með reglubundnum hætti en þar fara m.a. fram smíðar og önnur starfsemi nokkurra einstaklinga sem vinna m.a. að framleiðslu á leikföngum, listmunum og nytjamunum.

Sjálfbodaliðar hafa á liðnum árum sett sterkan svip á starfseminu á ÖA og eru nauðsynleg og ánægjuleg viðbót við aðra starfsemi. Góðir vinir ÖA hafa séð um tónlistarflutning á ýmsum skemmtunum, s.s. kráarkvöldum, þorablóti og einstaka tónlistarskemmtunum. Einnig hafa fyrrverandi starfsmenn Hlíðar sem ganga undir heitinu „Vinir Hlíðar“ komið í heimsóknir og aðstoðað við vikulega viðburði á „Kaffi Sóli“. Nemendur framhaldsskólanna komu eins og áður í heimsóknir, starfskynningar og önnur verkefni. Þá eru ótaldir heimsóknir „vinaskóla og vinabekkja“ á grunnskóla og leikskólástigi.

Við setningu Akureyrarvöku í Lystigarðinum 31. ágúst hlutu Öldrunarheimilin viðurkenningu í flokki fyrirtækja fyrir fallega og vel hirta lóð við Hlíð, Austurbyggð 17. Þann 5. desember hlaut ÖA alþjóðlega viðurkenningu sem Eden-heimili.



FULLTRÚAR AKUREYRARBÆJAR Í NEFNDUM OG STJÓRNUM 31. desember 2013

Bæjarstjóri

Eiríkur Björn Björgvinsson

Endurskoðendur

Deloitte hf.

Bæjarstjórn Akureyrar

Geir Kristinn Aðalsteinsson forseti bæjarstjórnar
Halla Björk Reynisdóttir
Oddur Helgi Halldórsson
Tryggvi Þór Gunnarsson
Hlín Bolladóttir
Índa Björk Gunnarsdóttir
Sigurður Guðmundsson
Guðmundur Baldvin Guðmundsson
Ólafur Jónsson
Logi Már Einarsson
Andrea Sigrún Hjálmsdóttir

Bæjarráð

Halla Björk Reynisdóttir formaður
Oddur Helgi Halldórsson
Geir Kristinn Aðalsteinsson
Andrea Sigrún Hjálmsdóttir
Sigurður Guðmundsson
Guðmundur Baldvin Guðmundsson (áheyrnarfulltrúi)
Logi Már Einarsson (áheyrnarfulltrúi)
Ólafur Jónsson (áheyrnarfulltrúi)

FASTANEFNDIR

Félagsmálaráð

Índa Björk Gunnarsdóttir formaður
Dagur Dagsson
Sif Sigurðardóttir
Oktavía Jóhannesdóttir
Valur Sæmundsson
Guðlaug Kristinsdóttir (áheyrnarfulltrúi)
Valdís Anna Jónsdóttir (áheyrnarfulltrúi)

Framkvæmdaráð - jafnframt stjórn Fasteigna Akureyrarbæjar

Oddur Helgi Halldórsson formaður
Sigríður María Hammer
Silja Dögg Baldursdóttir
Sigfús Arnar Karlsson
Njáll Trausti Friðbertsson
Anna Hildur Guðmundsdóttir (áheyrnarfulltrúi til 25.06.2013)
Bjarni Sigurðsson (áheyrnarfulltrúi frá 25.06.2013)
Guðgeir Hallur Heimisson (áheyrnarfulltrúi)
Kristín Þóra Kjartansdóttir (áheyrnarfulltrúi)

Íþróttaráð

Tryggvi Þór Gunnarsson formaður
Helga Guðrún Eymundsdóttir
Þorvaldur Sigurðsson
Erlingur Kristjánsson
Árni Óðinsson
Jón Einar Jóhannsson (áheyrnarfulltrúi)
Anna Jenný Jóhannsdóttir (áheyrnarfulltrúi til 08.08.2013)
Ragnheiður Jakobsdóttir (áheyrnarfulltrúi frá 08.08.2013)
Órvar Sigurgeirsson (áheyrnarfulltrúi)

Kjörstjórn

Helga Eymundsdóttir formaður
Þorsteinn Hjaltason
Baldvin Valdemarsson

Samfélags- og mannréttindaráð

Hlín Bolladóttir formaður
Tryggvi Þór Gunnarsson
Heimir Haraldsson
Anna Hildur Guðmundsdóttir
Regína Helgadóttir
María Hólmfríður Marinósdóttir (áheyrnarfulltrúi)
Friðbjörg J. Sigurjónsdóttir (áheyrnarfulltrúi)
Guðrún Þórsdóttir (áheyrnarfulltrúi)

Skipulagsnefnd

Helgi Snæbjarnarson formaður
Árni Páll Jóhannsson
Eva Reykjalin
Sigurður Guðmundsson
Edward H. Huijbens
Tryggvi Már Ingvarsson (áheyrnarfulltrúi)
Svava Þórhildur Hjaltalín (áheyrnarfulltrúi til 19.11.2013)
Stefán Friðrik Stefánsson (áheyrnarfulltrúi frá 19.11.2013)
Ragnar Sverrisson (áheyrnarfulltrúi)

Skólanefnd

Preben Jón Pétursson formaður
Sigríður María Hammer
Anna Sjöfn Jónasdóttir
Helgi Vilberg
Sædís Gunnarsdóttir
Gerður Jónsdóttir (áheyrnarfulltrúi til 20.02.2013)
Áslaug Magnúsdóttir (áheyrnarfulltrúi frá 20.02.2013)
Hjörtur Narfason (áheyrnarfulltrúi)
Kristín Sigfúsdóttir (áheyrnarfulltrúi)

Stjórn Akureyrarstofu

Halla Björk Reynisdóttir formaður
Sigmundur Ófeigsson
Jón Hjaltason
Helena Karlsdóttir
Hildur Friðriksdóttir
Matthías Rögnvaldsson (áheyrnarfulltrúi)
Sigfús Arnar Karlsson (áheyrnarfulltrúi)
Unnsteinn Jónsson (áheyrnarfulltrúi)

Umhverfisnefnd

Hulda Stefánsdóttir formaður
Páll Steindórsson til 05.08.2013
Ómar Ólafsson frá 03.09.2013
Petrea Ósk Sigurðardóttir
Kristinn Frímann Árnason
Jón Ingi Cæsarsson
Sif Sigurðardóttir (áheyrnarfulltrúi)
Ólafur Kjartansson (áheyrnarfulltrúi)

STARFSNEFNDIR

Fræðslunefnd

Inga Þöll Þórgnýsdóttir formaður
Friðný Sigurðardóttir
Gunnar Gíslason
Katrín Björg Ríkarðsdóttir
Tómas Björn Hauksson



Kjarasamninganefnd

Halla Björk Reynisdóttir formaður
Hjalti Ómar Ágústsson
Hallgrímur Guðmundsson

FULLTRÚAR AKUREYRARBÆJAR Í SAMSTARFSNEFNDUM/VERKEFNUM

Almannavarnanefnd Eyjafjarðar

Eiríkur Björn Björgvinsson bæjarstjóri
Oddur Helgi Halldórsson bæjarfulltrúi

Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar bs

Oddur Helgi Halldórsson
Sveinn Arnarsson

Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar

Baldur Dýrfjörð formaður
Álfheiður Svana Kristjánsdóttir
Jóhann Gunnar Sigmarsson
Dýrleif Skjöldal

Félagsstofnun stúdenta við Háskólann á Akureyri

Halla Margrét Tryggvadóttir

Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands

Oddur Helgi Halldórsson

Fulltrúaráð Málræktarsjóðs

Hólmkell Hreinsson

Hafnasamlag Norðurlands

Víðir Benediktsson formaður
Sigríður María Hammer
Nói Björnsson
Bjarni Sigurðsson
Jóhannes Gunnar Bjarnason

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

Þórdís Rósa Sigurðardóttir
Sigurjón Jóhannesson

Hljómsveitarráð Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands

Gunnar Frímansson formaður
Júlíus Júlíusson
Elín Margrét Lýðsdóttir

Samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra

Bergur Þorri Benjamínsson til 17.09.2013
Helgi Snæbjarnarson frá 17.09.2013

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra

Geir Kristinn Aðalsteinsson
Halla Björk Reynisdóttir
Hlín Bolladóttir
Tryggvi Þór Gunnarsson
Sigurður Guðmundsson
Guðmundur Baldvin Guðmundsson
Ólafur Jónsson
Logi Már Einarsson
Andrea Sigrún Hjálmsdóttir

Stjórn Eypings

Geir Kristinn Aðalsteinsson formaður

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar

Bæjarstjóri
Oddur Helgi Halldórsson
Ólafur Jónsson

Stjórn Minjasafnsins á Akureyri

Hlín Bolladóttir formaður
Bergvin Oddsson
Sigurbjörg Árnadóttir

Iðnaðarsafnið á Akureyri

Haraldur Þór Egilsson
Hulda Sif Hermannsdóttir

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga

Eiríkur Björn Björgvinsson

Veiðifélag Eyjafjarðarár

Hermann Brynjarsson

Vetrariþróttamiðstöð Íslands

Þórarinn B. Jónsson formaður
Gerður Jónsdóttir

Menningarfélagið Hof

Hildur Eir Bolladóttir

Fjölsmiðjan

Hlín Bolladóttir

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar

Ingunn Helga Bjarnadóttir
Gunnar Frímansson

Norræna upplýsingaskrifstofan

Hólmkell Hreinsson

FULLTRÚAR AKUREYRARBÆJAR Í STJÓRNUM FYRIRTÆKJA

Flokkun ehf

Hulda Stefánsdóttir
Ómar Ólafsson
Kristín Halldórsdóttir

Fóðurverksmiðjan Laxá hf

Dan Jens Brynjarsson

Norðurorka ehf

Geir Kristinn Aðalsteinsson formaður
Halla Björk Reynisdóttir
Edward Hákon Huijbens
Ásdís Elva Rögnvaldsdóttir
Njáll Trausti Friðbertsson

Tækifæri hf

Dan Jens Brynjarsson





Akureyrarbær

Geislagötu 9

600 Akureyri

Sími 460 1000

Fax 460 1001

www.akureyri.is | www.visitakureyri.is

Allar upplýsingar um símanúmer einstakra stofnana og netföng starfsmanna er að finna á heimasíðu bæjarins.

Útgefandi:	Akureyrarbær 2014
Umsjón:	Ragnar Hólm Ragnarsson
Yfirllestur og prófarkir:	Brynja Björk Pálsdóttir, Gunnar Frímannsson og Ragnar Hólm
Ljósmyndir:	Ragnar Hólm Ragnarsson
Hönnun og umbrot:	Stíll
Prentun og bókband:	Ásprent